



MAÍ
2026

Ársskýrsla 2025

Embætti landlæknis

Efnisyfirlit

Aðfararorð landlæknis	3
Hlutverk, framtíðarsýn og stefna	5
Rekstur og öryggi	6
Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu	10
Heilbrigðisupplýsingar	14
Lýðheilsa	21
Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna	27
Sóttvarnir	32
Fjárhagur	39

Aðfararorð landlæknis

Ársskýrsla embættis landlæknis fyrir árið 2025 veitir að vanda yfirlit yfir helstu verkefni, áherslur og árangur stofnunarinnar. Sem fyrr voru verkefni embættisins fjölbreytt.

Þau tímamót urðu á árinu 2025 að nýr landlæknir var skipaður. Tók María Heimisdóttir við embætti landlæknis í mars. Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir hafði fram til þess verið settur landlæknir frá því Alma D. Möller lét af störfum síðla árs 2024. Í október fór skipaður landlæknir í veikindaleyfi og tók þá Guðrún Aspelund tímabundið aftur við keflinu fram að setningu undirritaðrar í febrúar 2026. Skipuðum landlækni er óskað góðs bata en þess er vænst að hún snúi aftur til starfa síðar á þessu ári.

Í árslok 2025 var fjöldi starfsfólks hjá embætti landlæknis 91. Starfsfólki fjölgaði um tvennt frá árinu 2024. Sú breyting hefur síðan orðið á starfsemi embættisins að heilbrigðisráðuneytið ákvað að sameina starfsemi miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna (MRH) starfsemi Staf-rænnar heilsu. Tók sú breyting gildi í ársbyrjun 2026. Starfsfólki MRH bauðst flestu starf hjá [Stafrænni heilsu](#). Öllum sem hættu störfum hjá embætti landlæknis á árinu eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf.



Á árinu var sem fyrr lögð áhersla á gegnsæi og miðlun tölfraeðiupplýsinga um heilbrigði þjóðarinnar, sem birtist meðal annars í útgáfu tölfraeðilegra yfirlita og þróun mælaborða. Á meðal nýjunga er [DRG-tölfraeði í mælaborði](#) á vef embættisins. Í júní 2025 samþykkti Alþingi breytingu á 8. gr. [laga um landlækni og lýðheilsu](#), sem fjallar um heilbrigðisskrár. Um er að ræða mikilvæga lagabreytingu í takt við vaxandi mikilvægi gagnastýrðrar heilbrigðisþjónustu. Á sama tíma voru samþykktar breytingar á [lögum um sjúkraskrár](#), sem heimila veitendum heilbrigðisþjónustu að stofna og reka gæðaskrár til gæðaeftirlits. Um er að ræða mikilvæga lagabreytingu sem áður hafði skort. Innleiðing á miðlægu lyfjakorti hefur staðið yfir síðastliðin þrjú ár. Í árslok 2025 var miðlægt lyfjakort innleitt hjá um 96% ávísandi lækna hér á landi.

Áfram var rekið öflugt lýðheilsustarf á vegum embættisins. Lýðheilsuvið er sem fyrr virkur þátttakandi í fjölbreyttu lýðheilsusamstarfi, innlendu og erlendu. Meðal áhersluatriða voru geðrækt og sjálfsvígsforvarnir. Ný [aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi 2025–2030](#) var afhent heilbrigðisráðherra í upphafi árs og var hún samþykkt í mars 2025. Innleiðing lýðheilsuáætlunar með það að markmiði að styrkja heilsuefningu og forvarnir í samfélaginu, hélt áfram. Lýðheilsuvísar voru birtir í tíunda sinn en þeir endurspegla heilsu og líðan íbúa eftir heilbrigðisumdæmum og stærstu sveitarfélögum landsins.

Starfsemi sóttvarnalæknis var sem fyrr fjölbætt. Á árinu var tekið í notkun nýtt rafrænt skráningarkerfi bólu-setninga á landsvísi, fjármagnað af [styrk Evrópusambandsins](#) til sóttvarnalæknis.

Hlutverk embættis landlæknis er fjölbreytt og hefur það mikilvæga hlutverk að tryggja gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu og stuðla að bættu heilbrigði landsmanna, meðal annars með forvörnum og lýðheilsu-
starfi í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Það er von okkar að þessi ársskýrsla gefi gott yfirlit yfir
hvernig unnið hefur verið að verkefnum embættisins á árinu 2025 og sýni þann árangur sem náðst hefur.

Embætti landlæknis þakkar fyrir samstarfið á árinu 2025.

Elísabet Benedikz, settur landlæknir

Hlutverk, framtíðarsýn og stefna

Hlutverk

Stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsuefningu og forvörnum. Nánar er kveðið á um hlutverk embættis landlæknis í [lögum um landlækni og lýðheilsu](#).

Framtíðarsýn

Góð heilsa og vellíðan landsmanna byggð á heilsuefningu, forvörnum og aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Gildi

Ábyrgð: Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku. Við bendum á það sem betur má fara.

Virðing: Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, góðvild og sanngirni.

Traust: Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna.

Starfsáætlun


Árlega er lögð fram [starfsáætlun](#) sem er vegvísir embættisins. Verkefnum er forgangsraðað út frá fjórum aðaláherslum; heilbrigðisstefnu, lýðheilsu, sóttvörnum og innra starfi.

Heilbrigðisstefna	Lýðheilsa	Sóttvarnir	Innra starf
<p>Áherslur</p> <ul style="list-style-type: none"> Markviss vöktun á veitingu heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf henni tengd Aukin skilvirkni í eftirliti með heilbrigðisþjónustu Víðtæk gæðabróun innan heilbrigðisþjónustu Markviss samstarf og samráð við notendur og hagaðila heilbrigðisþjónustu Söfnun, notkun og miðlun gagna úr heilbrigðisskrám til ráðgjafar, eftirlits og vísindarannsóknna Nýsköpun, þróun og innleiðing rafræna heilbrigðislausna Einstaklingar hafi aðgang að eigin heilsufarsupplýsingum og séu virkir þátttakendur í eigin meðferð og heilbrigði 	<p>Áherslur</p> <ul style="list-style-type: none"> Velsæld fólks og jarðar Markviss vöktun á heilsu, líðan og heilsuegðun Heilsueflandi sveitarfélög, skólar, vinnustaðir, eldri borgarar og þjónusta Heildstætt símat á lýðheilsustarfi Trygga almenningi og stjórnvöldum upplýsingar um geðrækt, heilsuefningu og forvarnir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu Efla félags- og tilfinningafærni barna og unglinga Forvarnir krabbameina og annarra ósmittbærra sjúkdóma 	<p>Áherslur</p> <ul style="list-style-type: none"> Vöktun tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, sýklalyfjanoðkunar og -ónæmis auk alvarlegra heilsufarslegra afleiðinga eituro- og geislavirkra efna, sem ógna almannaheill Miðlun áreiðanlegra upplýsinga og leiðbeininga til almennings og heilbrigðisstarfsfólks Öflugar forvarnir gegn smitsjúkdómum með almennum sýkingavörnum og markvissum bólusetningum Samhæfing viðbragða við heilbrigðisógnum og uppfærsla viðbragðsáætlananna Aðgerðir til að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja og til að sporna við sýklalyfjaónæmi 	<p>Áherslur</p> <ul style="list-style-type: none"> Ábyrgð, virðing og traust í starfi embættisins Skilvirk stjórn fjármála Þróá áfram rafræna stjórnarsýslu hjá embættinu Öflug öryggis- og gæðastjórnun Styrkja embættið sem heilsueflandi vinnustað
<p>Aðgerðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Þróá nýjar lausnir í eftirlitsstarfi embættisins og leita meira til notenda við eftirlit Virkt fagraráð um sjúklingaþryggi Efla enn frekar eftirlit með lyfjaávisunum Innleiða samræmda atvikaskráningu um allt land Endurmat á <i>Áætlun um gæðabróun</i> Vitundarvakning um meðferð sjúkraskrárupplýsinga Innleiða endurskoðaða slysaskráningu Undirbúa miðlægar skrár um hjarta- og æðasjúkdóma og sykursýki Innleiða ný fyrirmæli um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu Undirbúa innleiðingu ICD-11 og fleiri flokkunarkerfa Undirbúa innleiðingu löggjafar um evrópska heilbrigðisgagnasvæðið Byggja upp innviði fyrir fjarheilbrigðisþjónustu Ljúka innleiðingu á miðlægu lyfjakorti Innleiða nýja skimunarskrá Vinna að rafrænni miðlun lykilyfjupplýsinga sjúklinga innanlands og innan Evrópu auk aðgangs að lyfjaávisunum og rannsóknarniðurstöðum Vinna að flutningi á virkni af Minum síðum á Heilsuvera.is yfir á Ísland.is 	<p>Aðgerðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Innleiða velsældarhagkerfi og lýðheilsumat Gera velsældaráætlun til að bæta líðan og draga úr einmanaleika ungs fólks, m.a. með útgáfu á námsefni í félags- og tilfinningafærni Efla velsældarfræði og þróá verkfæri til að innleiða velsældarhagkerfi Mæla heilsulæsi fullorðinna og stuðla að auknu heilsulæsi í skólum Gefa út og innleiða ráðleggingar um mataræði og næringarefni Hlutlægar mælingar á hreyfingu, kyrrsetu og svefni Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígsforvarnir Efla þekkingu á loftslagsbreytingum og heilsu Taka þátt í mati á áhrifum loftslagsbreytinga á heilsu og líðan Vinna markviss að forvörnum krabbameina og annarra ósmittbærra sjúkdóma Vitundarvakning um skaðsemi nikótíns Markviss birting upplýsinga á margvíslegum miðlum um heilbrigða lífnaðarhætti 	<p>Aðgerðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Auka vöktun alvarlegra smitsjúkdóma og efla miðlun upplýsinga Umbætur á stafrænum kerfum og gagnagrunnum sóttvarnalæknis Uppfæra bólusetningaráætlanir og mæla með nýjum bólusetningum eftir aðstæðum Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í almennum bólusetningum Uppfæra leiðbeiningar til almennings og heilbrigðisstarfsfólks varðandi sýkingavarnir Uppfæra viðbragðsáætlanir með hagaðilum og halda æfingar Skipuleggja neyðarbirgðir lyfja og hlífðarbúnaðar Móta aðgerðaáætlun gegn aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma, efla fræðslu og bæta aðgengi að greiningarprófum Auka fræðslu til almennings og heilbrigðisþjónustu um skynsamlega notkun sýklalyfja og aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi í anda <i>Einnar heilsu</i> 	<p>Aðgerðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Vinna markviss með gildi embættisins að leiðarljósi Taka þátt í erlendu samstarfi á verkefnasviði embættisins Mæla traust almennings til embættisins Fylgjast með ánaegjum með þjónustu embættisins Áframhald á þróun á vefgáttum til umsóknna um starfsleyfi og tilkynninga um rekstur Koma á vefgáttum vegna kvartana yfir heilbrigðisþjónustu og vegna alvarlegra óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu Styrkja gæða- og öryggiskerfi embættisins Útgefði efni embættisins auðfinnanlegt á veraldarvefnum Vinna með umhverfisvernd að leiðarljósi Gera reglulega starfsmannakannanir Vinna markviss að heilsuefningu á vinnustaðnum

Rekstur og öryggi

Mannauður

Í árslok 2025 [starfaði 91 einstaklingur](#) hjá embætti landlæknis, í samtals **87,25 stöðugildum**. Starfsfólki fjölgaði um tvo frá fyrra ári en stöðugildum fjölgaði um þrjú. Í fullu starfi voru 78 en aðrir í lægra starfshlutfalli, frá 30%-95%. Um 17% starfsfólks er í tímabundnu starfi tengdu stórum Evrópuverkefnum sem embættið tekur þátt í.



Mynd 1. Starfsfólk og stöðugildi hjá embætti landlæknis 2018-2025

Auk starfsfólks í föstu eða tímabundnu starfi komu verktakar að fjölmörgum verkefnum innan embættisins, fyrst og fremst að hugbúnaðargerð en einnig komu læknar að álitsritun ýmis konar.


Laun og launatengd gjöld voru 54% af heildarútgjöldum stofnunarinnar en laun námu samtals 1.512 milljónum á árinu 2025. Meðalaldur starfsfólks var **49,5 ár** en starfsfólk var á aldrinum 27 til 68 ára. Áfram er viðvarandi kynjahalli hjá embættinu en tæplega **76% starfsfólks eru konur**. Starfsfólk embættisins er í 13 mismunandi stéttarfélögum þar sem Viska, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, Læknafélag Íslands og Sameyki eru fjölmennust.

Embætti landlæknis metur starfsfólk sitt að verðleikum og tryggir jafnræði á vinnustaðnum, meðal annars með því að greiða jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Starfsfólki eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að ráðningum, starfskjörum, starfsþróun og aðgengi að sí- og endurmenntun. Embættið starfar samkvæmt [jafnréttisáætlun](#) og hefur innleitt **vottað jafnlaunakerfi**.

Hjá embættinu starfar öflugt og reynslumikið starfsfólk með fjölbreytta og víðtæka menntun og starfsreynslu. Margt starfsfólk hefur starfað hjá embættinu um langt árabil og mynda, ásamt nýrri starfsfólki, sterka heild þar sem reynsla, nýjar áherslur og vinnubrögð fara saman. Embættið styður starfs-

fólk sitt við að viðhalda og efla faglega þekkingu. Í stofnanasamningum milli embættisins og stéttarfélaganna eru ákvæði um **markvissa sí- og endurmenntun** og í því skyni er starfræktur öflugur símenntunarsjóður sem starfsfólk nýtir vel.

Embættið er **heilsueflandi vinnustaður** sem vill stuðla að heilsu og vellíðan starfsfólks. Í því skyni býðst starfsfólki árlegur **heilsuræktar- eða íþróttastyrkur** auk þess sem embættið tekur á hverju ári virkan þátt í Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna. Þá gerir embættið **samgöngusamninga** við það starfsfólk sem kysir að nota vistvænan ferðamáta til og frá vinnu en á árinu 2025 var **35% starfsfólks** með slíkan samning.




Mynd 2. Hlutfall starfsfólks með samgöngusamning 2019-2025

Vefurinn

Vefurinn www.landlaeknir.is, sem rekinn er undir merkjum Ísland.is, er meginfarvegur embættis landlæknis fyrir upplýsingar, fræðslu- og kynningarstarf. Á vefnum má nálgast upplýsingar um öll helstu verkefni embættisins.

Um **310 þúsund einstaklingar heimsóttu vef** embættis landlæknis á árinu 2025 í **360 þúsund heimsóknnum**. Er það lítilsháttar aukning frá fyrra ári. Aðsóknin dreifðist nokkuð jafnt yfir árið en var þó sýnu **mest í mars og október**. Mest sóttu vefsíðurnar árið 2025, fyrir utan forsiðu, voru **umsókn um starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna** (22 þúsund heimsóknir), **starfsleyfaskrá heilbrigðisstarfsfólks** (18 þúsund heimsóknir), **ráðleggingar um mataræði** (17 þúsund heimsóknir) og **bólusetningar barna** (9 þúsund heimsóknir).



Meirihluti notenda nálgæðist upplýsingar á vefnum með snjallsíma (52%) og talsvert fleiri heimsóttu vefinn með leit á Google heldur en beint í gegnum vefsíðuna sjálfa. Um 85% notenda var staðsettur á Íslandi en næstflestir notendur voru í Bandaríkjunum, Svíþjóð og Bretlandi.

Fréttir og útgefið efni

Embætti landlæknis birti **119 fréttir og tilkynningar** á árinu 2025. Það samsvarar tæplega 10 fréttum á mánuði eða ríflega tveimur fréttum í hverri viku. **Mest lesna fréttin** á árinu var birt þann 21. júlí en 4.500 manns lásu þá um [hættu á heilsutjóni vegna loftmengunar frá eldgosum](#). Um þetta leyti hvíldi þrálát gosmóða yfir vesturhellingi landsins í kjölfar eldgoss á Sundhnúksígargöðinni.

Embætti landlæknis gefur árlega út fjölbreytilegt efni, að stærstum hluta á vef. Um er að ræða ýmiss konar kynningarefni, leiðbeiningar, skýrslur, dreifibréf og fréttabréf sem allt er hægt að nálgast í [útgefnu efni](#) á vef.


Erlent samstarf

Embætti landlæknis tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi með alþjóðastofnunum og samtökum á Norðurlöndum, í Evrópu og á heimsvísu. Nánar er fjallað um [erlent samstarf](#) á vef.

Starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna

Gefin voru út **1.219 starfsleyfi** til heilbrigðisstarfsfólks og **177 sérfræðileyfi** á árinu samanborið við 1.168 starfsleyfi og 190 sérfræðileyfi árið 2024. Flest heilbrigðisstarfsfólk sem lýkur námi í íslenskum skólum getur [sótt um starfsleyfi rafrænt í gegnum Ísland.is](#). Árið 2025 voru **670 starfsleyfi afgreidd í sjálfsafgreiðslu** sem er um 70% starfsleyfa þeirra sem luku námi á Íslandi.

Á árinu voru **354 vottorð** um gild starfsleyfi/sérfræðileyfi eða menntun hérlendis afgreidd, þar af voru 338 vottorð afgreidd í sjálfsafgreiðslu.




Á vef embættis landlæknis eru upplýsingar um [fjölda starfsleyfa og sérfræðileyfa](#) í hverri starfsgrein fyrir sig og þar má einnig finna mælaborð yfir mannafla í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. [Starfsleyfaskrá](#) embættis landlæknis, sem inniheldur upplýsingar um allt heilbrigðisstarfsfólk með gild starfs- og sérfræðileyfi, er aðgengileg á vef og mikið notuð.

Rekstur heilbrigðisþjónustu

Árið 2025 fjölgaði verulega tilkynningum um [rekstur heilbrigðisþjónustu](#), tilkynningum um breytingar á rekstri, að rekstri væri hætt, svo og umsóknum um heimild til að veita heilbrigðisþjónustu á eigin starfsstofu eftir 75 ára aldur. **Allar tilkynningar er varða rekstur eru rafrænar** og staðfestingar tengdar rekstri eru sendar í pósthólf einstaklinga á Ísland.is.

Á vef embættis landlæknis eru upplýsingar um [fjölda tilkynninga](#) eftir mánuðum og eftir stöðu úrvinnslu.



Rekja má fjölgun tilkynninga til þess að **breyting varð á sjúklingatryggingum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks** árið 2024. Samkvæmt [lögum um sjúklingatryggingu nr. 47/2024](#) fluttist sjúklingatrygging sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks frá váttryggingafélögum til Sjúkratrygginga. Við þessa breytingu á lögum varð rekstraraðilaskrá embættisins samtengd við Sjúkratryggingar.

[Rekstraraðilaskrá](#) er aðgengileg á vef embættisins. Í henni má finna upplýsingar um sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk, fyrirtæki og stofnanir í heilbrigðisþjónustu, samkvæmt gildandi lögum og reglugerð. Í skránni eru aðeins þeir sem hafa gilda staðfestingu þess efnis að uppfylla faglegar lágmarkskröfur í heilbrigðisþjónustu.

Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu

Árið 2025 var annasamt á sviði eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu eins og undanfarin ár. Áhersla var lögð á rannsókn kvartana en undanfarin ár hafa orðið miklar tafir á rannsóknum vegna fjölgunar kvartana og ónógrar mönnunar. Einnig var sérstök áhersla lögð á rannsókn alvarlegra atvika. Af margvíslegum ástæðum náðist þó ekki að ljúka eins miklu og vonir stóðu til.

Þann 1. september 2024 öðluðust gildi [lagaákvæði](#) sem hafa áhrif á rannsókn embættis landlæknis á [alvarlegum atvikum](#) sem og [kvörtunum](#). Ljóst er að [breytingarnar hafa haft jákvæð áhrif](#) varðandi rannsókn kvartana. Áherslan er nú fyrst og fremst á rannsóknir sem telja má líklegt að geti leitt til aukinna gæða og aukins öryggis heilbrigðisþjónustu. Málum sem tekin eru til rannsóknar hefur fækkað miðað við fyrri ár. Enn er þó ólokið fjöldi rannsókna vegna kvartana sem bárust fyrir lagabreytingarnar. Ekki er enn komin nægileg reynsla á breytingar á lögum varðandi rannsóknir alvarlegra atvika til að unnt sé að segja til um árangur breytinganna.

Eftirlit með gæðapróun í heilbrigðisþjónustu

Ein af áherslum árlegrar starfsáætlunar embættis landlæknis er að efla gæði og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu. Mikilvægur liður í því er innleiðing [áætlunar um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030](#) með kynningu, fræðslu og ráðgjöf og var því fram haldið á árinu.

Á árinu hófust 6 [úttektir](#) á heilbrigðisstofnunum.

Samráð og samstarf við fagfélög

Ein af megináherslum í starfsáætlun embættis landlæknis er markvisst samráð og samstarf við notendur og hagaðila heilbrigðisþjónustu. Í tengslum við þá áherslu hefur svið eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu átt fundi með fagfélögum heilbrigðisstétta. Á árinu 2025 voru meðal annars haldnir fundir með Félagi félagsráðgjafa á Íslandi, Sálfræðingafélagi Íslands og Félagi sjúkrahjálfa. Markmið þessa samstarfs er að efla gagnkvæmt upplýsingaflæði, styrkja samstarf og styðja við þróun gæða og öryggis í heilbrigðisþjónustu.

Fagráð um sjúklingaöryggi

Fagráði um sjúklingaöryggi er ætlað að vera embætti landlæknis til ráðgjafar um mál er varða öryggi sjúklinga og eru helstu verkefni fagráðsins að fylgjast með framþróun og áherslum á sviði öryggis sjúklinga, hérlendis og á alþjóðavísu, og hafa yfirsýn yfir stöðu mála hérlendis. Þá er það verkefni fagráðs að undirbúa [málþing í tilefni alþjóðlegs dags öryggis sjúklinga](#) sem er 17. september ár hvert.

Fagráðið hélt tvo formlega fundi á árinu 2025 auk fjölda vinnufunda á Teams vegna undirbúnings málþings um sjúklingaöryggi. [Málþingið](#) var haldið 17. september og var þar fjallað um öryggi heilbrigðisþjónustu við börn í takti við þema ársins sem að þessu sinni var „[Safe care for every newborn and child](#)“. Málþingið þótti hafa tekist vel.

Gæðavísar

Svið eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu, í samvinnu við heilbrigðisupplýsingasvið, vann á árinu að **þróun landsgæðavísa í geðheilbrigðisþjónustu** í samræmi við aðgerð 4.1.C í aðgerðaráætlun í geðheilbrigðisþjónustu. Áhersla var lögð á upphafsvinnu við gerð gæðavísa fyrir þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu sem veitt er á sjúkrahúsum og í því skyni var settur á laggirnar starfshópur með þátttöku fulltrúa frá heilbrigðisstofnunum. Jafnframt hófst undirbúningsvinna vegna þróunar landsgæðavísa fyrir fyrsta og annars stigs geðheilbrigðisþjónustu. Var verkefnastjóri ráðinn til að styðja við þá vinnu og tryggja samræmda og markvissa framvindu verkefnisins.



Kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu

Kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu, sem teknar voru til fullrar rannsóknar árið 2025, voru **álíka margar** og árið 2024 en mun færri en fyrri ár. Þetta skýrist einkum af því að fleiri kvartanir/erindi falla undir svokallaðar athugasemdir við þjónustu og er því vísað til viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns til afgreiðslu. Þá hafa lagabreytingar leitt til þess að fleiri málum lýkur strax eftir frumrannsókn.

Málsmeðferð og rannsókn kvartana hefur tafist verulega. Það skýrist meðal annars af fjölgun umfangsmikilla mála og að starfsfólk sem sinnir þessum málum hefur í auknum mæli orðið að taka að sér önnur mikilvæg verkefni.

	Fjöldi óafgreiddra kvartana í árslok	Útgefin álit
2021	341	138
2022	393	59
2023	418	37
2024	403	70
2025	386	53


Atvik í heilbrigðisþjónustu

Árið 2025 voru skráð **13.766 óvænt atvik** í íslenskri heilbrigðisþjónustu samkvæmt 9. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, samanborið við 12.289 atvik árið 2024. Með óvæntu atviki er átt við **óhappatílvik, mistök, vanrækslu** eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni. Algengustu skráð óvænt atvik á heilbrigðisstofnunum á landinu öllu árið 2025 voru **byltur/föll, alls 6.316 talsins** (46% skráðra atvika). Önnur algeng skráð atvik tengdust lyfjameðferð, eða samtals 1.960 á landsvísu (14% skráðra atvika).

Heildarfjöldi skráðra óvæntra atvika á öllum heilbrigðisstofnunum 2025	
Allar heilbrigðisstofnanir (nema LSH og SAK)	7.076
Landspítali (LSH)	6.181
Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)	509
Samtals	13.766

Árið 2025 var fyrsta heila árið sem unnið var eftir nýjum ákvæðum um alvarleg atvik í lögum um landlækni og lýðheilsu. Samkvæmt þeim ber [heilbrigðisstofnunum og öðrum rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu](#) að tilkynna landlækni án tafar um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni, svo sem dauða eða varanlegri örkuhlun. Jafnframt getur [sjúklingur og/eða nánasti aðstandandi](#) hans nú einnig tilkynnt landlækni um alvarlegt atvik.

Á árinu 2025 bárust **79 erindi um möguleg alvarleg óvænt atvik** í heilbrigðisþjónustu. Þverfaglegt teymi mat hvert erindi og reyndust 43 erindi uppfylla lagaleg skilmerki um alvarlegt atvik og voru þau tekin til rannsóknar (sjá mynd). Þetta eru nokkuð færri mál en undanfarin ár.



Við mat teymisins á innsendum tilkynningum sjúklinga og/eða aðstandenda um alvarlegt atvik uppfylltu 3 af 27 lagaleg skilmerki alvarlegs atviks, sjö voru metnar sem kvörtun skv. 2. mgr. 12. gr. laga um landlækni og lýðheilsu og fjórar sem athugasemd við þjónustu skv. 1. mgr. 28. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Tólf tilkynningum af 27 var vísað frá vegna þess að atvikið var ekki metið alvarlegt í skilningi laganna og/eða átti sér stað fyrir lagabreytinguna 1. september 2024. Í einu tilviki var um að ræða ábendingu um skort á þjónustu sem sett var í viðeigandi farveg.

Samkvæmt lögum ber landlækni að ákveða hvort nægar ástæður séu til rannsóknar á alvarlegum atvikum til lærdóms og úrbóta í heilbrigðisþjónustunni. Til að gagn slíkra rannsókna verði sem mest er brýnt að rannsóknin taki skamman tíma. Í lögum er kveðið á um að rannsókn eigi að ljúka að jafnaði innan sex mánaða. Ekki hefur náðst að halda þau tímamörk fyrir 31 af þeim 43 tilkynningum sem bárust á árinu enda enn verið að ljúka atviksrannsóknum frá fyrri árum. Embættið lauk **32 rannsóknum** á árinu og vörðuðu þær atvik frá árunum 2022-2025.

Lyfjaávisanaeftirlit

Embætti landlæknis hefur almennt [eftirlit með ávísun lyfja](#) og sérstakt eftirlit með ávísunum lækna og tannlækna á ávana- og fíknilyf, þar með talið ávísun slíkra lyfja til eigin nota. Alls voru nýskráð **135 mál** í málaskrá embættisins árið 2025 sem varða lyfjaávisanaeftirlit en að auki voru eldri mál til skoðunar. Haldnir voru reglubundnir fundir sérfræðinga sem koma að eftirliti með lyfjaávisunum, þ.e. heilbrigðissérfræðingur, læknir og lyfjafræðingur, alls 38 fundir á árinu 2025. Á þessum fundum voru teknar fyrir ábendingar frá Lyfjastofnun, Sjúkratryggingum, læknum, einstaklingum eða apótekum en einnig mál sem komu til vegna frumkvæðiseftirlits sem byggir á lyfjagagnagrunni embættis landlæknis.

Eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum

Landlæknir hefur [eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna](#) og fylgist með að þeir fari að ákvæðum heilbrigðislöggjafar og ákvæðum annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem við á. Tilgangur rannsóknar og málsmeðferðar landlæknis í eftirlitsmálum miðar m.a. að því að tryggja gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu. Hafi misbrestur orðið á veitingu slíkrar þjónustu er metið hvort tilefni sé til frekari eftirfylgni, leiðbeininga eða eftirlitsúrræða í samræmi við III. kafla laga um landlækni og lýðheilsu. Viðurlagaúrræðin gagnvart einstökum starfsmönnum geta verið tilmæli um úrbætur, áminning, takmörkun starfsleyfis (t.d. takmörkuð heimild til ávísunar lyfja) og svipting starfsleyfis.

Á árinu 2025 var efnt til **46 eftirlitsmála vegna lyfjaávisana**.

Eftirlitsmáli getur lokið án viðurlaga eða frekari eftirfylgni teljist ekki forsendur til þeirra að lokinni rannsókn hjá embætti landlæknis. Til dæmis geta upplýsingar reynst rangar eða að ekki sé ástæða til tiltekinna viðurlaga.

Á árunum 2016-2025 lauk eftirlitsmálum með eftirfarandi hætti. Hér er vísað til þess árs sem eftirlitsmáli lauk, óháð því hvaða ár það var stofnað.

	Án viðurlaga	Tilmæli	Áminning	Takmörkun starfsleyfis	Svipting starfsleyfis	Samtals
2016	8	7	4	1	3	23
2017	10	1	1	0	1	13
2018	14	2	2	0	0	18
2019	20	3	5	0	0	28
2020	14	2	3	1	4	24
2021	18	11	12	0	5	46
2022	28	10	4	1	3	46
2023	17	17	8	1	1	44
2024	27	42	7	2	8	86
2025	12	19	21	0	4	56

Heilbrigðisupplýsingar

Heilbrigðisskrár til stuðnings eftirliti, ráðgjöf og rannsóknum

Ein af megináherslum í starfsáætlun embættis landlæknis 2024-2025 er að nýta gögn úr [heilbrigðisskrám](#) til ráðgjafar og eftirlits og að styðja við samþykktar vísindarannsóknir með gögnum úr skránum. Gögn heilbrigðisskráa veita yfirsýn yfir heilbrigðisþjónustu og heilsufar á Íslandi og eru um leið grundvöllur eftirlits, gæðapróunar og rannsókna. Þau eru nýtt í sífellt fjölbreyttari verkefni, bæði til að styðja við starfsemi embættisins og stjórnsýslu heilbrigðismála almennt. Regluleg tölfræðivinnsla sem byggir á heilbrigðisskrám er birt víða, m.a. á [vef embættisins](#) og í alþjóðlegum samburði. Þá eru heilbrigðisskrár nýttar til þess að svara fjölmörgum fyrirspurnum sem berast embættinu á ári hverju.

Breytingar á lögum um heilbrigðisskrár

Í júní 2025 samþykkti Alþingi breytingu á 8. gr. [laga um landlækni og lýðheilsu 41/2007](#) sem fjallar um heilbrigðisskrár. Með aukinni þekkingu og nýrri tækni hafa notkunarmöguleikar heilbrigðisskráa orðið fjölbreyttari og talið var nauðsynlegt að lög um landlækni og lýðheilsu endurspegluðu þá þróun.

Sífelld meiri áhersla er lögð á gagnadrifna stýringu heilbrigðisþjónustu og með öflugum og öruggum upplýsingatækniinnviðum er hægt að veita heilbrigðisyfirvöldum og veitendum heilbrigðisþjónustu takmarkaðan og öruggan aðgang að heilbrigðisskrám. Með lagabreytingunni er landlækni nú heimilt að veita þeim sem veita heilbrigðisþjónustu takmarkaðan aðgang að skilgreindum gögnum heilbrigðisskráa til þess að **stuðla að gæðum og samræmdri og markvissri þjónustu** við einstaklinga. Auk þess er landlækni heimilt að veita öðrum stjórnsýslustofnunum, til að mynda Sjúkratryggingum, takmarkaðan aðgang að heilbrigðisskrám í tengslum við **skilgreint eftirlit**. Lögin gera ráð fyrir að þessi ákvæði séu útfærð nánar í reglugerð sem nú er unnið að. Með þessari lagabreytingu er unnt að stuðla að öruggri og skilvirkri samnýtingu heilbrigðisgagna og minnka líkur á uppbyggingu gagnagrunna með sömu upplýsingum hjá mismunandi aðilum innan heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslu heilbrigðisþjónustu.

Með lagabreytingunni voru einnig **þrjár núverandi heilbrigðisskrár**, þ.e. vistunarskrá heilbrigðisstofnana, samskiptaskrá heilsugæslustöðva og samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga, **sameinaðar í eina skrá** undir heitinu **samskiptaskrá heilbrigðisþjónustu**. Með einni skrá fæst betri yfirsýn yfir heilbrigðisþjónustu sem auðveldar eftirlit með gæðum og árangri, stefnumótun og vísindarannsóknir.

Jafnframt var embætti landlæknis veitt sérstök heimild til að halda heilbrigðisskrár sem byggja á gögnum úr reglubundnum heilsufarskönnunum. Landlæknir hefur framkvæmt heilsufarskönnunina [Heilsa og líðan á Íslandi](#) á fimm ára fresti frá árinu 2007, með skilgreindu úrtaki einstaklinga sem svara spurningum um eigin heilsu, líðan og lifnaðarhætti. Könnunin hefur hingað til verið skilgreind sem vísindarannsókn. Samkvæmt lögum um vísindarannsóknir ber að eyða gögnum vísindarannsókna eða gera þau ópersónugreinanleg að rannsóknartímabili loknu. **Með þessari lagaheimild er nú unnt að vista gögn sem aflað er með könnunum á grundvelli upplýsts samþykkis þátttakenda**. Þannig verður hægt að varðveita gögn Heilsu og líðan á Íslandi til framtíðar og fá yfirsýn yfir þær breytingar sem kunna að verða á heilsufari og lifnaðarháttum landsmanna.

Á sama tíma voru samþykktar breytingar á [lögum um sjúkraskrár 55/2009](#) þar sem heilbrigðisstofnunum eða starfsstofum heilbrigðisstarfsfólks er heimilt að **stofna og reka gæðaskrár á heilbrigðisviði**. Hér er um

mikilvæga lagastoð að ræða sem áður hafði skort. Um stofnun og rekstur gæðaskráa fer að öðru leyti samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu. Landlæknir fær það hlutverk að gefa út fyrirmæli um gæðaskrár á heilbrigðisviði, taka við tilkynningum frá heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsfólks um fyrirhugaðan rekstur gæðaskráa og veita gæðaskráum staðfestingu. Unnið er að gerð fyrirmælanna.


Gagnavinnsla, greining og miðlun heilbrigðistölfræði

Hér á eftir eru nefnd þau verkefni sem voru í forgrunni á árinu 2025.

Starfsemi heilbrigðisþjónustu

Undanfarin ár hefur fjármögnun heilsugæslustöðva verið á grundvelli **fjármögnunarlíkans**, sem byggir á mismunandi lýðfræðilegum og heilsufarstengdum þáttum skjólstaðinga stöðvanna og þáttum tengdum gæðum þjónustunnar. Hlutverk embættis landlæknis er að reikna mánaðarlega út **þyngdarstuðul og þarfavísitölu hvernar stöðvar** í gegnum svokallaðan **ACG-flokkara**, ásamt tilteknum gæðaviðmiðum. Til grundvallar útreikningum liggja gögn úr samskiptaskrá heilsugæslunnar og öðrum heilbrigðisskrám eftir atvikum. Til þess að auðvelda heilsugæslustöðvum rýni á eigin tölfræði var á árinu birt **gagnvirk tölfræði í mælaborði** á vef embættisins sem sýnir helstu niðurstöður úr ACG-flokkara eftir heilsugæslustöðvum og heilbrigðisumdæmum. Þá voru haldnar kynningar þar sem farið var yfir skráningu í heilsugæslu og mikilvægi hennar.

Frá árinu 2022 hefur embættið séð um **DRG-flokkun** vegna **framleiðslutengdrar fjármögnunar Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri** og eru gögn vistunarskrár heilbrigðisstofnana nýtt til verkefnisins. Verkefni embættisins fela einnig í sér samskipti og stuðning við skráningaraðila og gerð leiðbeininga, auk þátttöku í norrænu samstarfi um þróun DRG (NordDRG). Vinnu við endurskoðun gæðavísa lauk á árinu og var afrakstur hennar sendur heilbrigðisráðuneytinu. Á árinu var jafnframt gefin út **DRG-tölfræði í mælaborði** á vef embættisins sem er uppfært reglulega.



Á undanförunum árum hefur heilbrigðisupplýsingasvið séð um **gagnavinnslu og greiningu gagna varðandi sjúkraflutninga**. Gögnum er miðlað í [sameiginlega skýrslu](#) Norðurlanda og Baltnesku landanna þar sem gæðavísar sjúkraflutninga eru birtir. Unnið er með gögn frá Neyðarlínunni en síðar verður gagnavinnsla byggð á gögnum sem verða til með notkun stafrænna sjúkraflutningaskýrsla sem nú eru í innleiðingu.


Bið eftir heilbrigðisþjónustu

Á árinu 2025 var tvisvar sinnum kallað eftir upplýsingum um **bið eftir völdum skurðaðgerðum**; í janúar og september. Niðurstöður voru birtar í [mælaborði](#) á vef embættisins. Auk þess voru mánaðarlega uppfærðar upplýsingar um [bið eftir liðskiptaaðgerðum](#) og framkvæmdar aðgerðir samkvæmt miðlægum biðlista. Samstarf við Sjúkratryggingar í tengslum við útboð stofnunarinnar á liðskiptaaðgerðum hélt áfram en nýta þurfti gögn úr miðlægum biðlista til framkvæmdarinnar. Stór hluti af vinnu við biðlista hjá embættinu varðaði þetta útboð. Brýnt er að miðlægir biðlistar verði gerðir aðgengilegir fyrir aðra en embætti landlæknis svo hægt sé að straumlínulaga ferla og bæta þjónustu. Með breytingu á ákvæðum laga um landlækni og lýðheilsu árið 2025 er unnt að útfæra verklag og tæknilegar lausnir til þess að veita slíkt aðgengi.

Unnið var að því að endurskoða og auðvelda úrvinnslu gagna úr færni- og heilsumatskrá um [bið eftir varanlegri vistun á hjúkrunarheimili](#). Í kjölfarið var birt tölfraði í endurskoðuðu gagnvirkum mælaborði á vef embættisins. Mælaborðið er uppfært ársfjórðungslega.

Lyfjanotkun

Á árinu 2025 var áfram unnið markvisst að því að **bæta aðgengi að upplýsingum um lyfjanotkun** með þróun og viðhaldi [gagnvirkra mælaborða](#) á vef embættisins. Til viðbótar við þau mælaborð sem fyrir voru bættust **tvö ný mælaborð** við árið 2025. Annars vegar mælaborð sem sýnir þróun í [notkun svefnlyfja og slævandi lyfja](#) á Íslandi og hins vegar mælaborð sem gerir kleift að skoða [notkun sýklalyfja utan sjúkrahúsa](#) sem unnið var í samvinnu sóttvarnasviðs og heilbrigðisupplýsingasviðs. Þessi mælaborð eru, líkt og hin eldri, uppfærð ársfjórðungslega og gera gögn lyfjagagnagrunns aðgengileg á myndrænan og gagnvirkan hátt.



Á árinu 2025 hófst jafnframt nýtt samstarfsverkefni með Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu sem felst í **greiningu á lyfjaávisunum heilsugæslustöðva** fyrir tiltekna lyfjaflokka. Markmið þessa verkefnis er að þróa leiðir til að veita læknum reglubundna endurgjöf um ávísanavenjur og styðja við gæðaeftirlit og örugga lyfjameðferð sem veitt er í heilsugæslu.

Skimanir fyrir krabbameinum

Á árinu var tölfræði um **þátttöku í brjóst- og leghálsskimunum** birt í annað sinn í **mælaborði** á vef embættis landlæknis. Í **ársskýrslum krabbameinsskimana** var gerð grein fyrir niðurstöðum gæðavísa.



Embættið tekur þátt í **EuCanScreen**, umfangsmiklu evrópsku samstarfsverkefni sem miðar m.a. að því að **bæta gæði skimana** og tryggja öllum jafnt aðgengi að skimunum fyrir brjóstakrabbameini, leghálsskrabbameini og ristilkrabbameini. Embættið tekur þátt í verkefnum sem fjalla um eftirlit með skimunum, áhættuskimanir og samræmingu gagna.

Embættið hóf auk þess þátttöku í **CancerWatch** á árinu. Verkefnið hefur það markmið að **bæta gæði gagna krabbameinsskráa í Evrópu** og samræma skráningu og gæðastaðla milli landa. Betra samræmi milli landa varðandi gögn og gagnaskipulag auðveldar fjölþjóðleg samstarfsverkefni og undirbýr krabbameinsskrár fyrir þátttöku í verkefnum sem nýta evrópska heilbrigðisgagnasvæðið (European Health Data Space) sem nú er í inleiðingu.

Innleiðing lýðgrundaðrar **skimunar fyrir krabbameini í ristli og endaparmi** hófst í upphafi ársins 2025 í samræmi við aðgerðaáætlun Alþingis í krabbameinsmálum. Gögnum varðandi ristilskimanir er safnað í nýja skimanaskrá sem var tekin í gagnið í byrjun ársins. **Skráningarkerfi ristilskimana** var unnið af miðstöð

rafrænna heilbrigðislausna með hliðsjón af þarfagreiningu hagsmunaaðila. Á árinu 2026 er ráðgert að sameina skráningu allra skimana í eitt kerfi og sameina eldri gögn um skimanir fyrir legháls- og brjóstakrabbameinum í eina og sömu skrána.

Fæðingar

Unnið hefur verið að uppbyggingu **nýrrar fæðingaskrár** innan embættisins í kjölfar innleiðingar nýrrar rafrænnar mæðraskrár sem nær yfir allt meðgöngu- og fæðingarferlið, þar sem gögn í fæðingaskrá eiga uppruna.

Á árinu 2025 var megináherslan lögð á að **auka gæði skráningar og bæta áreiðanleika gagna í fæðingaskrá**. Sú vinna fólst annars vegar í virku og samfelldu eftirliti með skráningum, þar sem farið var í markvissar gagnaleiðréttingar í samvinnu við fæðingarstofnanir vegna frávíka og úrbóta. Hins vegar var, í samvinnu við miðstöð rafrænna heilbrigðislausna, unnið að þróun á skráningarumhverfi mæðraskráa með það að markmiði að sjúkraskrárkerfið styðji sem best við rétta skráningu. Dæmi um slíkt innbyggt gæðaeftirlit sem bættist við á árinu er aðvörun sem birtist notendum ef gleymst hefur að skrá tiltekna þætti. Þetta tvennt stuðlar að nákvæmari skráningu og traustari gögnum í fæðingaskrá, sem styrkir gæðastarf heilbrigðisstofnana og tryggir að gögnin nýtist á áreiðanlegan hátt í fjölbreyttum verkefnum.

Embætti landlæknis var gestgjafi fundar hjá samtökum norrænna fæðingaskráa (**NOMBIR**), sem haldinn var í apríl 2025. Þessi samtök bera ábyrgð á þróun tölfræði um fæðingar og fæðingarútkomur á Norðurlöndunum, gagnasöfnun og birtingu tölulegra upplýsinga á tveggja ára fresti.

Skráning slysa

Eitt af verkefnum á starfsáætlun er **endurskoðun á skráningu slysa í heilbrigðisþjónustu og þarfagreining á nýrri miðlægrri slysaskrá**. Undirbúningur hófst vorið 2023 í samvinnu við hagsmunaaðila í heilbrigðisþjónustu og hefur verið unnið að því að sammælast um skráningaratriði, flokkun þeirra og skráningarviðmót fyrir heilbrigðisþjónustu. Tafir hafa orðið á verkefninu, m.a. vegna útfærslu á því flokkunarkerfi sem varð fyrir valinu. Ákveðið var að fella slysaflokkunina að ICD-11, alþjóðlegri flokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála sem væntanlega verður innleidd á Íslandi á næstu árum. Þar sem ICD-11 flokkunarkerfið hefur hvorki verið þýtt né innleitt á Íslandi þurfti að leggja í ákveðna grunnvinnu. Stefnt er að því að ljúka ICD-11 kóðun skráningaratriða á vordögum 2026 og afhenda verkefnið til [Stafrænnar heilsu](#). Þeirra verkefni verður að setja upp stafrænt slysaskráningarviðmót fyrir heilbrigðisþjónustuna í samræmi við ofangreinda endurskoðun og tengja við sjúkraskrárkerfi og önnur stafræn kerfi. Vonast er til þess að hægt verði að hefja forþrófanir og innleiðingarferli fyrir árslok 2026.

Skráning dánarmeina

Í lok árs 2025 voru **91% af öllum dánarvottorðum orðin rafræn**. Aðeins eitt hjúkrunarheimili átti þá eftir að innleiða rafræn dánarvottorð en undirbúningur var hafinn og gert er ráð fyrir því að öll dánarvottorð á Íslandi verði rafræn á árinu 2026.

Tvær nýjar heilbrigðisskrár í undirbúningi

Embættið tekur þátt í [JACARDI](#), Evrópuverkefni sem snýr að því að **draga úr byrði vegna sykursýki og hjarta- og æðasjúkdóma**. Í tengslum við verkefnið var embættinu veittur styrkur til gerðar tveggja nýrra heilbrigðis-

skróa til að halda utan um þessa sjúkdómahópa hér á landi. Verkefnið er til fjögurra ára og lýkur í nóvember 2027. Svo unnt sé að ljúka verkefninu innan tíma- og fjármagnsramma JACARDI var ákveðið að nýta gögn sem þegar er safnað miðlægt innan heilbrigðiskerfisins og beita ákveðnum flokkunarreglum til þess að afmarka ofangreinda sjúklingahópa. Sú aðferð að endurnýta gögn sem þegar er safnað í miðlægar skrár eykur einnig á raunhæfni og sjálfbærni verkefnisins þar sem ekki er farið fram á sérstaka skráningu af hendi heilbrigðisstarfsfólks. Skrárnar munu innihalda tilteknar grunnupplýsingar um alla einstaklinga á landsvísi sem hafa greinst með sjúkdóma í hvorum flokki samkvæmt gögnum úr heilbrigðisþjónustu.

Á árinu 2025 var unnið að því að kortleggja gagnagrunna sem gætu nýst fyrir gagnasöfnun, ákveða breytur sem skrárnar skyldu innihalda, ákveða fyrstu drög að reglum til að skilgreina sjúklingahópa og helstu tölfræðivísar skilgreindir.

Gögn til vísindarannsókna

Ísland tekur þátt í norræna verkefninu [Value from Nordic Health Data \(VALO\)](#) sem hófst í febrúar 2024. Markmið þess er að **auðvelda aðgang að heilbrigðisgögnum milli landa** með samræmdri innleiðingu nýrrar löggjafar um evrópska heilbrigðisgagnasvæðið (European Health Data Space) og sameiginlegum stöðlum fyrir lýsigögn. Verkefnið skiptist í þrjá meginhluta.

Ísland leiðir einn meginhluta verkefnisins sem snýr að **þróun norræns líkans til að auðvelda endurnýtingu heilbrigðisgagna**. Á árinu 2025 var gefin út [skýrsla](#) með tillögu að slíku samstarfslíkani. Niðurstöður sýna að þó að Norðurlöndin standi vel sé svigrúm til úrbóta. Líkaninu er ætlað að auka skilvirkni, rannsóknargæði og samkeppnishæfni Norðurlandanna.



Annar hluti verkefnisins snýr að **undirbúningi Norðurlandanna við innleiðingu reglugerðarinnar um evrópska heilbrigðisgagnasvæðið**. Vettvangur hagsmunaaðila var settur á laggirnar árið 2024 og var þróaður áfram árið 2025 með reglulegum fundum. Samhliða var unnið að [samræmingu lýsigagna á Norðurlöndunum](#) en undir lok árs 2025 voru birtar niðurstöður þeirrar vinnu sem styðja við bætt aðgengi, leit og samnýtingu gagna yfir landamæri.

Þriðji hluti VALO-verkefnisins felur í sér **tilraunaverkefni um notkun heilbrigðisgagna milli landa**. Á árinu 2025 lauk [fyrsta tilraunaverkefninu](#) þar sem notast var við gögn samkvæmt OMOP heilbrigðisgagna-staðlinum (Observational Medical Outcomes Partnership), sem gerir gögn úr ólíkum kerfum samanburðarhæf. Verkefnið sýndi að **hægt er að vinna sameiginlegar rannsóknir án þess að flytja gögn milli landa**, en einnig komu fram áskoranir varðandi aðgengi að gögnum og samræmingu ferla. Í framhaldinu hófst nýtt tilraunaverkefni þar sem unnið er með gögn í öruggum vinnsluumhverfum (Secure Processing Environments), til að efla samstarf og einfalda gagnavinnslu án þess að gögn fari yfir landamæri.

Skráning í heilbrigðisþjónustu

Samræmd [skráning heilbrigðisstarfsfólks](#) er forsenda þess að hægt sé að gera raunhæfan samanburð á þeirri þjónustu sem veitt er í heilbrigðiskerfinu. Gögn í miðlægum heilbrigðisskrám landlæknis eiga oft uppruna í skráningu heilbrigðisstarfsfólks og því er það mikilvægt hlutverk embættisins að skilgreina [lágmarks-skráningu](#) og stöðlun hennar. Fyrsta útgáfa sameinaðra fyrirmæla embættis landlæknis um [lágmarks-](#)

skráningu í heilbrigðisþjónustu var staðfest af heilbrigðisráðherra í nóvember 2024. Árið 2025 voru fyrir-mælin kynnt í heilsugæslunni, á heilbrigðisstofnunum, hjá Helix hugbúnaðarhúsi og víðar.

Embættið hefur fylgst með undirbúningi Norðurlanda við þýðingu og innleiðingu á [elleftu útgáfu ICD, alþjóðlegu flokkunarkerfi sjúkdóma](#). Embættið telur **fýsilegt að hefja undirbúning að innleiðingu** þess hér á landi og sendi heilbrigðisráðuneytinu minnisblað þess efnis seint á árinu 2025 ásamt verk- og kostnaðaráætlun.

[Gæðastjórar skráningar](#) eru tilnefndir af heilbrigðisstofnunum og **hófust reglulegir fundir gæðastjóranna og embættisins að nýju** eftir nokkurra ára hlé. Embætti landlæknis telur mikilvægt að eiga reglulegt samstarf og samtal við fulltrúa heilbrigðisstofnana um skráningu og gæði hennar. Haldnir voru tveir fundir með gæðastjórum á árinu.

Lýðheilsuvísar

[Lýðheilsuvísar](#) voru gefnir út og [kynntir í tíunda sinn þann 29. september 2025](#) en vísarnir eru valdir mælikvarðar sem gefa vísbendingar um heilsu, lifnaðarhætti og líðan þjóðarinnar. Að þessu sinni fór kynning vísanna fram í [Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði](#). Bryddað var upp á þeirri nýbreytni að halda fund með hagaðilum í umdæminu um morguninn, þ.e. fulltrúum stjórnsýslunnar, heilbrigðiskerfisins, skóla og lögreglu. Þar voru **niðurstöður sem tengdust Ísafirði og Vestfjörðum sérstaklega kynntar og ræddar**. Á fundinum sköpuðust gagnlegar umræður og fram kom áhugi heimafélks á að nýta lýðheilsuvísana í umbótastarfi á sínu svæði. Eftir hádegi var haldinn opinn kynningarfundur lýðheilsuvísa eins og venja er. Lýðheilsuvísar eru annars vegar birtir í pdf-skjölum og hins vegar í gagnvirkum mælaborðum lýðheilsu. Einnig var [mælaborð lýðheilsuvísa](#) þróað enn frekar, en það veitir aðgang að öllum lýðheilsuvísam sem gefnir hafa verið út frá upphafi, eða frá árinu 2016. Í mælaborðinu má sjá árlegar tölur fyrir heilbrigðisumdæmin sjö og níu stærstu sveitarfélögin.

Talnabrunnur

[Talnabrunnur](#) er rafrænt fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar. Á árinu 2025 komu út **sjö tölublöð** af Talnabrunni þar sem til umfjöllunar voru fjölbreytt heilbrigðis- og lýðheilsu-mál, þar á meðal skimun fyrir krabbameinum, líðan og hreyfivenjur fullorðinna, notkun tóbaks og nikótíns, mataræði landsmanna, ójöfnuður í farsæld barna og þróun í notkun tiltekinna lyfjaflokka.



Gögn til alþjóðasamanburðar

Embætti landlæknis vinnur og miðlar heilbrigðistölfraði fyrir Ísland sem nýtt er til alþjóðasamanburðar hjá stofnunum á borð við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina ([WHO](#)), Efnahags- og framfarastofnunina ([OECD](#)), Hagstofu Evrópusambandsins ([EUROSTAT](#)) og Norræna heilbrigðistölfraðiráðið ([NOMESCO](#)). Embættið tekur jafnframt virkan þátt, sem fulltrúi Íslands, í fjölþjóðasamstarfi við þróun heilsuvísa, sér í lagi vinnuhópum um heilbrigðistölfraði og gæðavísa hjá OECD og vinnuhópum um heilbrigðistölfraði hjá Eurostat og hjá NOMESCO.

Lýðheilsa

JA PreventNCD

Þátttaka í [JA PreventNCD](#) hélt áfram þar sem embættið gegnir viðamiklu hlutverki og leiðir verkþætti um **velsældarhagkerfi, heilsu í allar stefnur** (HiAP) og **samskipti og miðlun**. Stór þáttur í þessari vinnu er árlegt [Velsældarþing](#) sem haldið var í þriðja sinn í maí. Þar komu saman fulltrúar stjórnvalda, fræðasamfélags, atvinnulífs og annarra hagaðila til að ræða hvernig megi styðja við samfélagsþróun með velsæld, heilsu og jöfnuð að leiðarljósi. Meginniðurstöður þingsins voru að setja þurfi velsæld markvisst í forgrunn við stefnumótun og ákvarðanatöku, efla mælikvarða sem endurspeglar það sem skiptir máli fyrir lífsgæði og heilsu, og styrkja þverfaglegt samstarf til að draga úr ójöfnuði og styðja við sjálfbæra samfélagsþróun.



VELSÆLDARÞING

Heilsueflandi samfélög, skólar, vinnustaðir og efri ár

Heilsueflandi samfélag

Alls búa rúmlega **96% landsmanna** í [Heilsueflandi samfélagi](#) (HSAM) og bættust **þrjú ný sveitarfélög** í hóp þeirra sem undirbúa þátttöku. Haldnir voru upplýsingafundir með HSAM-tengiliðum þar sem meðal annars var fjallað um lýðheilsuvísu og áætlanagerð, starf farsældarráða kynnt, auk þess sem rætt var um ójöfnuð í farsæld barna, hreyfiúrræði á efri árum og uppfærðar ráðleggingar um mataræði.

Starf og tengslanet HSAM er landsnet fyrir [WHO Healthy Cities](#) á Íslandi og er embættið samhæfingaraðili fyrir starfið á landsvísu. Í því felst samvinna við norrænu landsnetin en í september var haldinn sameiginlegur fjarfundur um samfélagslega sjálfbærni á Norðurlöndunum. Verkefnastjóri HSAM tók virkan þátt í starfshópi Healthy Cities um Heilsu í allar stefnur (HiAP).

Í tengslum við [JA PrevenNCD](#) fór fram undirbúningsvinna sem miðar að því að styrkja þverfaglegt samstarf um heilsu og vellíðan fyrir alla. Tekin voru viðtöl við hagaðila sem starfa á landsvísu, þ.e. fulltrúa ráðuneyta, stofnana og félagssamtaka, um hlutverk þeirra hvað varðar heilsu og líðan (HiAP), ógnir/áskoranir, tækifæri/styrkleika o.fl. Verða niðurstöðurnar gefnar út í skýrslu árið 2026. Auk þess voru viðtöl, gögn úr gátlistum HSAM og fyrirbyggjandi könnunum notuð til að meta þarfir hagaðila og hvernig má betur styðja við markvisst lýðheilsustarf í sveitarfélögum.

Heilsueflandi leikskólar

Alls voru **106 leikskólar** skráðir í [Heilsueflandi leikskóla](#), eða um **40% leikskóla á landinu**. Leikskólar voru hvattir til þess að vinna áfram með rafrænt kerfi, [heilsueflandi.is](#), og nýta fyrirbyggjandi efni frá embætti landlæknis. Þá voru heilsueflandi skólanálganir kynntar á rafrænum fundum hjá MENTOR, evrópsku samstarfsverkefni um geðheilsu.

Heilsueflandi grunnskóli

Alls voru **125 grunnskólar** landsins skráðir til þátttöku í [Heilsueflandi grunnskóla](#) eða rúmlega **70% allra grunnskóla á landinu**. Þeim skólum sem taka þátt var boðið upp á stuðning og kynningar auk þess sem ýmsum upplýsingum var miðlað til skólanna, m.a. í tengslum við [Forvarndaginn](#) og [Gulan september](#).

Lokaráðstefna SHE4AHA Erasmus+ verkefnisins var haldin í lok febrúar fyrir starfsfólk grunnskóla á Íslandi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „[Samvinna – samskipti – samsköpun](#)“ en þar voru erindi frá Réttindaskólum UNICEF, UNESCO-skólum þar sem fjallað var um Heimsmarkmiðin og frá Landvernd þar sem Grænfáninn var til umfjöllunar. Auk þess kynntu þrír þátttökuskólar í SHE4AHA verkefni sín.

[Heilsueflandi bekkur](#) var undirbúinn á árinu og fór af stað sem tilraunaverkefni í byrjun árs 2026. Haldnir voru kynningarfundir þar sem tilraunaverkefni um [heilsulæsi í skólum](#) var m.a. kynnt.



Heilsueflandi framhaldsskólar

Allir **30 hefðbundnu framhaldsskólar** landsins eru þátttakendur í [Heilsueflandi framhaldsskóla](#) eins og undanfarin ár. Haldið var málþing fyrir fulltrúa starfsfólks í framhaldsskólum í september. Fjölbreyttur hópur mætti á málþingið, tengiliðir HEF, skólahjúkrunarfræðingar, forvarnarfulltrúar, sálfræðingar o.fl. þar sem verkefnastjórar embættisins fóru yfir málaflokka eins og mataræði, hreyfingu, líðan og félagstengsl, nikótín, áfengis- og ofbeldisforvarnir og kynheilbrigði. Auk þess kynnti fulltrúi frá Heimili og skóla Farsældarsáttmálann og fulltrúi frá Ríkislögreglustjóra fjallaði um skólaskemmtanir í framhaldsskólum. Ýmsu efni var miðlað til framhaldsskóla, m.a. í tengslum við [Forvarndaginn](#) og [Gulan september](#).

Heilsueflandi vinnustaðir

Áherslur [Heilsueflandi vinnustaða](#) voru á áframhaldandi þróun gátlista, uppfærslu efnis á [vefsíðu](#) og kynningu fyrir vinnustöðum. Þá var ráðgjöf og leiðbeiningar veittar til áhugasamra og skráðra vinnustaða um innleiðingu heilsueflandi áherslna í starfi.

Heilsuefling á efri árum

Áhersla var lögð á að **bæta aðgengi að upplýsingum um heilsueflingu á efri árum**. [Ný vefsíða](#) var sett í loftið og jafnframt var opnuð síða þar sem teknir eru saman helstu [áhrifaþættir heilbrigðis á efri árum](#). Einnig var unnið að því að uppfæra upplýsingar um [hreyfiúrræði á landsvísi](#) fyrir eldra fólk, kynningar haldnar og [rafrænt málþing](#) haldið um heilsueflingu eldra fólks í samstarfi við Bjartan lífsstíl, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu, Félags- og húsnæðismálaráðuneytið, ÍSÍ og Landssamtök eldri borgara.

island.is


**Hreyfing
alla ævi**



Næring

Endurskoðun á íslenskum ráðleggingum um mataræði lauk á árinu og voru þær [kynntar](#) í mars. Gefinn var út [bæklingur](#) með ráðleggingunum auk [ítarlegra efnis á vef](#), veggspjald með nýjum fæðuhring, veggspjald með ráðleggingunum og ýmislegt annað myndefni. Í framhaldinu var farið í kynningarherferð á ráðleggingunum á samfélagsmiðlum, flettiskiltum og strætóskýlum. Um haustið voru birtir vikumatseðlar fyrir [konur](#) og [karla](#) í samræmi við ráðleggingar um mataræði og næringarefni.

Rannsókn á joðhag tveggja ára barna, samstarfsverkefni embættis landlæknis, Háskóla Íslands, Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, hélt áfram þar til í ágúst. Þvagsýnin sem fengust í rannsókninni voru í framhaldi send til greiningar og verða niðurstöðurnar birtar seinni hluta árs 2026.



Þátttaka í norræna vinnuhópnum **Nordic Diet Network** (NDN) hélt áfram.

Um er að ræða samstarf milli viðeigandi stofnana á Norðurlöndunum sem bera ábyrgð á þróun og innleiðingu ráðlegginga um mataræði í hverju landi. Byggt er á Norrænum næringarráðleggingum sem komu út 2023 (NRR2023) við þróun og innleiðingu á leiðbeiningum um mataræði á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum og hefur [samantekt](#) á þessari innleiðingu verið birt.

Verkefnastjórar næringar taka þátt í fjölda verkefna í [JA PreventNCD](#), m.a. um opinber innkaup matvæla, merkingar matvæla til að stuðla að hollara vali, bætt fæðuumhverfi, skammtastærðir og markaðssetningu matvæla.

Úrvinnsla og skýrsluskrif úr [norrænni vöktun](#) á mataræði, hreyfingu, holdafari og tóbaks- og áfengisnotkun (fullorðinna og barna) fór einnig fram á árinu og voru [niðurstöður birtar í byrjun desember 2025](#).

Hreyfing

Á árinu var unnið að framkvæmd [Landskönnunar á hreyfingu, kyrrsetu og svefni](#), sem er hluti af þátttöku Íslands í [JA PreventNCD](#) og unnin í samstarfi við sex önnur lönd. Í rannsókninni eru notaðir [hreyfimælar](#) til að safna gögnum um hreyfingu, kyrrsetu og svefn fullorðinna. [Gagnaöflun hófst í september](#) og mun standa yfir fram á vor 2026. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Hagstofu Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Jafnframt var [efni um hreyfingu](#) uppfært á vef embættisins, [ráðleggingar á ensku](#) gefnar út og unnið að útgáfu á [hreyfileikjum](#) fyrir börn í leik- og grunnskóla.



Geðrækt og sjálfsvígsforvarnir

Þátttaka í evrópsku samstarfsverkefnunum [Mental Health Together](#) (MENTOR) og [JA PreventNCD](#) hélt áfram á árinu. Meðal áherslna var að samþætta **geðheilsu í alla stefnumótun** (Mental Health in All Policies), þróa og betrubæta stafrænar lausnir á sviði geðræktar, móta heildstæðar aðgerðir til að efla geðheilsu á samfélagslegum vettvangi og kortleggja árangursríkar leiðir til að draga úr fordómum gagnvart geðrænum vanda. Einnig var unnið að frekari þróun smáforritsins [HappApp](#), sem er **íslenskt geðræktarapp** með gagnreyndum æfingum til að efla andlega heilsu og vellíðan. Þá voru gátlistar fyrir geðrækt í heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólum, vinnustöðum og samfélögum þróaðir áfram í samvinnu við önnur Evrópulönd.

Embætti landlæknis er virkur þátttakandi í norrænum vinnuhópi um geðheilsu (Nordic network on mental health) og sótti fundi hópsins sem að þessu sinni voru rafrænar. Áherslur samstarfsins árið 2025 voru á **sálfélagslega seiglu í tengslum við almannavarnir á tímum óvissu og ógna**. Verkefnastjóri geðræktar flutti erindi þar sem greint var frá samfélagslegum viðbrögðum og reynslu Íslendinga af því að takast á við náttúruhamfarir í Grindavík.




Embættið tók einnig virkan þátt í áframhaldandi norrænu samstarfi um geðheilsu ungra barna til að fylgja eftir formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni frá 2019-2022. Embættið leiddi verkefnið fyrir Íslands hönd undir heitinu **Fyrstu 1000 daga barnsins á Norðurlöndunum** og hefur **norræna samstarfið** fengið endurnýjað umboð frá Norrænu ráðherranefndinni til að fylgja eftir niðurstöðum þess. Komíð hefur verið á fót innlendum faghópi til að styðja við samstarfið sem embætti landlæknis leiðir.

Undir lok ársins var mikilvægt samkomulag undirritað við Miðstöð menntunar og skólabjónustu um **aukið samstarf og samráð við útgáfu námsefnis á sviði félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna**. Tilfnið var ekki síst áhersla embættisins á eflingu félags- og tilfinningafærni í skólastarfi og **aðgerðaáætlun stjórnvalda til að fækka sjálfsvígum** á Íslandi en einn af áherslupáttum alþjóðlegra sjálfsvígsforvarna er að efla félags- og tilfinningafærni barna og unglunga svo þau öðlist seiglu og færni til að takast á við áskoranir lífsins.

Á árinu lauk einnig endurskoðun og uppfærslu námsefnisins **Vinir Zippýs** sem er ætlað til kennslu í félags- og tilfinningafærni á yngsta stigi grunnskóla. Námsefnið kemur út í endurskoðaðri útgáfu 2026 og hefjast reglubundin kennaranámskeið að nýju haustið 2026.

Haldið er utan um sjálfsvígsforvarnir hjá embætti landlæknis af **Lífsbrú – miðstöð sjálfsvígsforvarna**. Hjá Lífsbrú er **markvisst unnið að sjálfsvígsforvörnum** en nánar má lesa um verkefni Lífsbrúar í **árskýrslu um sjálfsvígsforvarnir 2025**. Ný **aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi 2025–2030** var afhent heilbrigðisráðherra **í upphafi árs** og var hún samþykkt í mars 2025. Aðgerðir áætlunarinnar eru 26 og skiptast í 7 kafla. Fylgjast má með framgangi aðgerða í **gagnvirku mælaborði**.



Tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir

Kortlagning ýmissa þátta varðandi áfengi og nikótínvörur hélt áfram á árinu, sem hluti af [JA PreventNCD](#). Hluti þessarar vinnu er að skoða [söluþyrirkomulag, markaðssetningu og framfylgd laga](#) þar um. Eitt af verkefnum var að framkvæma hulduheimsóknir til að kanna framfylgd laga um aldurseftirlit.

Fulltrúar frá embættinu tóku þátt í vinnu við skýrsluna [Drög að stefnu í áfengis- og vímuvarnamálum til ársins 2035](#), sem skilað var til heilbrigðisráðherra og birt í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2026. Kaflanum um forvarnir var stýrt af fulltrúum embættisins.

Fulltrúi embættisins tók þátt í starfshópi um [samræmingu gagna og snemmbúnar viðvaranir við fíkniefnafaraldri](#). Meðal verkefna hópsins er að rýna fyrirbyggjandi gögn og gera tillögu um samræmda birtingu gagna. Þá var unnið að verkferlum fyrir viðbragðsaðila og haghafa við birtingu viðvarana vegna skaðlegra efna í umferð og uppsetningu vefsíðu með helstu upplýsingum og viðvörnum.

Fulltrúar embættisins tóku þátt í Norrænu vímuvarnaráðstefnunni og samráðsfundi um tóbaksvarnir auk funda í hópi norrænna embættismanna um áfengi og önnur vímuefni. Þá voru áfram birt [myndbönd](#) um [neikvæðar hliðar nikótínnotkunar](#) og hversu ávanabindandi hún getur verið.



Ofbeldisforvarnir

Fulltrúi embættisins var í starfshópi sem vann að undirbúningi nýrrar forvarnaráætlunar sem fylgir eftir [þingsályktun](#) um [forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni](#). Embættið er auk þess með áheyrnarfulltrúa á þeim fundum mannréttindaráðs Reykjavíkur er fjalla sérstaklega um ofbeldisforvarnir og tekur þátt í ýmsu starfi stjórnarráðsins er varðar ofbeldisforvarnir. Þá sat fulltrúi embættisins í vinnuhópi um aðgerðir vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum og tók þátt í [vinnufundi](#) í október um samræmd viðbrögð við ofbeldi meðal barna.

Svefn

Heilræði til að viðhalda góðum [svefni](#) voru birt í tengslum við alþjóðlegan dag svefns 14. mars. Skilaboðum var komið á framfæri við heilsuefandi nálganir og á samfélagsmiðlum.

Lýðheilsumat

Hluti af [JA PreventNCD](#) snýr að vinnu til að [styrkja innleiðingu lýðheilsumats](#). Á árinu var staða þekkingar og notkun á sambærilegu mati á fleiri sviðum skoðuð og unnin skýrsla með samstarfslöndum. Einnig hófst vinna við að útbúa gátlista sem geta annaðhvort staðið einir og sér sem lýðheilsumat eða nýst sem viðbót við önnur mót. Áætlað er að efnið verði tilbúið til birtingar árið 2026. Jafnframt var unnið stöðfni fyrir heilbrigðisráðuneytið sem mun fylgja með mati á áhrifum lagasetningar.

Norræna lýðheilsuráðstefnan

Embættið átti fulltrúa í ráðstefnunefnd [Norrænu lýðheilsuráðstefnunnar](#) sem haldin er á þriggja ára fresti en hún var haldin í Gautaborg í maí. Landlæknir og fulltrúar embættisins sóttu ráðstefnuna auk þess að vera fulltrúar Íslands í pallborðum og vinnustofum.

Loftslagsmál

Fulltrúi embættisins situr í [verkefnisstjórn loftslagsaðgerða](#) og annaðist, ásamt samstarfsfólki og heilbrigðisráðuneytinu, mótun aðgerða fyrir lýðheilsu, heilbrigðiskerfi og samfélag í [Aðlögunaráætlun 2026-2030 vegna loftslagsbreytinga á Íslandi](#). Samhliða var unnið að styrkumsóknum fyrir IceNAP til innleiðingar aðgerða í áætluninni. Embættið tók þátt í viðburðum vegna stofnfundar nefndar Evrópuskrifstofu WHO sem hefur það hlutverk að flýta fyrir aðgerðum á sviði heilbrigðis- og loftslagsmála ([WHO Pan-European Commission on Climate and Health](#)) og fundum vegna mats Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC), Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Evrópusambandsins á [stöðu heilbrigðisviðbúnaðar á Íslandi við bráðum lýðheilsuógnum](#).

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn var haldinn í tuttugasta skipti þann 1. október 2025 og í tilefni af því var haldið [málþing í Vogaskóla með yfirskriftinni „Samvera - að tilheyrta - tengsl“](#). Margir grunn- og framhaldsskólar tóku þátt í verkefnum Forvarnardagsins þar sem boðið var upp á verkefni fyrir 9. bekk grunnskóla og fyrsta ár í framhaldsskóla. Áherslan er ávallt á að vinna með verndandi þætti gegn áhættuhegðun en árið 2025 var einnig sérstök áhersla lögð á að vinna með áskoranir og lausnir sem tengjast sínum, skjátækjum og samfélagsmiðlum. Nemendum var boðið upp á að taka þátt í [verðlaunaleik](#) þar sem verðlaun voru veitt þeim sem dómnefnd þótti skara fram úr á Bessastöðum í nóvember.



Heilsulæsi

Embætti landlæknis tekur þátt í vinnupakka 7 í [JA PreventNCD](#) þar sem áhersla er á heilsulæsi. Embættið gerðist aðili að [M-POHL](#) (WHO Action Network on Measuring Population and Organizational Health Literacy) á miðju ári. Í kjölfarið hófst undirbúningur að [könnun um heilsulæsi fullorðinna](#) á Íslandi og verður könnunin lögð fyrir vorið 2026. Skólaárið 2025-2026 var einnig unnið [tilraunaverkefni um heilsulæsi í skólum](#), sem hluti af JA PreventNCD. Tveir grunnskólar hafa tekið þátt í verkefninu sem felur í sér kannanir fyrir og eftir inngrip þar sem inngripið felst í að unnið sé með drög að leiðbeiningum fyrir grunnskóla sem verða síðan uppfærðar og gefnar út.

Vöktun áhrifapátta heilbrigðis

Sem fyrr fylgist embættið með helstu áhrifapáttum heilbrigðis með [árlegri vöktun](#). Niðurstöður eru meðal annars nýttar í skrif í Talnabrunn, lýðheilsuvisu og önnur verkefni tengd upplýsingaöflun og miðlun.

Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna

Árið 2025 var **síðasta starfsár miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna**. Starfsfólk sviðsins fluttist flest yfir til [Stafrænnar heilsu](#) í heilbrigðisráðuneytinu í byrjun árs 2026 en nokkrir fluttust yfir á önnur svið embættisins. Starfsfólk sviðsins þakkar fyrir samstarfið á liðnum árum.

Heilsan mín á MyHealth@EU

Embætti landlæknis hefur síðustu ár verið þátttakandi í verkefni styrktu af Evrópusambandinu um [stafræna miðlun á sjúkraskrárupplýsingum á milli landa](#) innan Evrópska efnahagssvæðisins. Markmiðið er að stuðla að betri og öruggari heilbrigðisþjónustu í Evrópu.

Á árinu var að mestu lokið við þróun og prófanir á **landstengigátt**, sem tengist samskiptagátt Evrópusambandsins, fyrir miðlun á yfirliti heilsufarsupplýsinga úr sjúkraskrá á milli Evrópulanda. Embætti landlæknis bæði á og rekur þessa öruggu tengigátt. Með tengigáttinni opnast möguleikar á miðlun **yfirlits heilsufarsupplýsinga** sem inniheldur meðal annars upplýsingar um sjúkdómsgreiningar, ofnæmi, núverandi lyfjanotkun, bólusetningar, ígræði, nýlegar skurðaðgerðir og meðgöngu. Yfirlitið tryggir að heilbrigðisstarfsmaður sem sinnir sjúklingi utan heimalands hafi öruggan aðgang að réttum og mikilvægum sjúkraskrárupplýsingum um sjúkling, að því gefnu að sjúklingur hafi undirritað samþykki fyrir deilingu sinna heilbrigðisgagna.



MyHealth@EU

Til viðbótar hefur verið unnið að því að gera **miðlun rafrænna lyfjaávisana** mögulega á milli Evrópulanda. Er þjónustan til að taka við erlendum lyfseðlum og afgreiða úr apóteki hérlendis langt komin og verður væntanlega innleidd haustið 2026.

Nauðsynlegir innviðir stofnana (NIS)

Embætti landlæknis fer með **eftirlit með net- og upplýsingakerfum heilbrigðisþjónustunnar** en NIS-tilskipunin tók gildi árið 2020. Á árinu 2025 var unnið úr sjálfsmati sem sent var út síðla árs 2024. Niðurstöður voru mjög ólíkar hjá NIS-aðilum og er ljóst að margar stofnanir þurfa mikinn stuðning til að öryggismál þeirra verði viðunandi.

Miðlægt lyfjakort

Innleiðing á miðlægu lyfjakorti á landsvísu hefur staðið yfir síðastliðin þrjú ár og í lok árs **2025 var búið að innleiða kortið hjá um 96% ávisandi lækna** hér á landi. Miðlægt lyfjakort er miðlægt yfirlit yfir núverandi lyfjanotkun sjúklings ásamt lyfja- og afgreiðslusögu.

Rekstur upplýsingakerfa

Á árinu 2025 var unnið að styrkingu rekstrarumhverfis Heklu, lyfjaávisanagáttar og Heilsuveru hjá rekstraraðila. Microsoft-umhverfi embættisins var flutt úr Public Administration skýjageira fjölmargra

stofnana yfir í **eigin skýjageira embættis landlæknis**. Að öðru leyti snerist rekstur upplýsingakerfa hjá embættinu mest um daglegan rekstur, þjónustu við starfsfólk og samskipti við rekstraraðila.

Undir lok ársins hófst undirbúningur að stofnun Stafrænnar heilsu sem mun taka yfir rekstur miðlægra rekstrarþátta, s.s. heilbrigðisgátt og Heklu heilbrigðisnet.

Stafræn skref

Embætti landlæknis fékk **viðurkenningu fyrir sjö stafræn skref** á ráðstefnunni [Tengjum ríkið haustið 2025](#). Stafrænu skrefin eru hvataverðlaun fyrir opinbera aðila sem ætlað er að ýta undir nýtingu sameiginlegra tóla sem þróuð hafa verið af Stafrænu Íslandi. Hvataverðlaunin Stafræn skref voru veitt í fyrsta skipti árið 2022 en skrefin eru níu talsins (mynd 3).




Mynd 3. Sjö stofnanir fengu viðurkenningu fyrir stafræn skref á Tengjum ríkið 2025. María Heimisdóttir landlæknir tók við viðurkenningunni fyrir hönd embættis landlæknis.

Mínar síður á Ísland.is

[Heilsuvera](#) er löngu orðin alþekkt vefsíða hjá öllum landsmönnum. Embætti landlæknis hefur unnið að því síðustu ár í samvinnu við Stafrænt Ísland að **endurhugsa og endurgera þá virkni sem verið hefur á Mínum síðum á Heilsuveru** og setja upp á [Mínum síðum á Ísland.is](#). Það verkefni hefur nú verið flutt yfir til [Stafrænnar heilsu](#) og er markmiðið að yfirfærslu verði lokið haustið 2026.


Tölfræði Heilsuveru

Notkun á mínum síðum á Heilsuveru jókst á árinu og voru innskráningar um 5,4 milljónir sem er rúmlega 6% aukning frá fyrra ári. Notkun Heilsuveru hefur aukist jafnt og þétt frá innleiðingu hennar (mynd 4).



Mynd 4. Fjöldi innskráninga í Heilsuveru á mánuði 2018-2025


Einstaklingum sem notuðu mínar síður á Heilsuveru fjölgaði lítillega á árinu, eða um 3% miðað við fyrra ár. Notendur Heilsuveru voru 272.020 á árinu 2025 (mynd 5). Ef horft er til allra íbúa landsins, 18 ára og eldri, notuðu 89% landsmanna Heilsuveru á árinu 2025.



Mynd 5. Heildarfjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru árin 2016-2025


Fyrir heimsfaraldur COVID-19 voru konur mikill meirihluti notenda en kynjahlutföll jöfnuðust í heimsfaraldrinum og eru áfram nokkuð jöfn. Karlar voru rúmlega 46% notenda árið 2025 og konur tæplega 54%,

sem er nánast sama hlutfall og á fyrra ári. Áfram var notkunin mest í aldurshópnum 30-39 ára og minnstur munur á notkun kynjanna í elsta aldurshópnum (mynd 6).




Mynd 6. Heildarfjöldi einstaklinga sem notaði Heilsuveru árið 2025 eftir aldurshópum og kyni

Eins og fyrri ár var beiðni um lyfjaendurnýjun mest notaða þjónusta Heilsuveru. Alls voru lyfjaendurnýjunarbeiðnir á árinu 639.493 sem er rúmlega 5% fækkun á milli ára (mynd 7).




Mynd 7. Fjöldi beiðna um lyfjaendurnýjun í gegnum Heilsuveru á mánuði árin 2019-2025

Eftir umtalsverða aukningu á árunum 2021-2022 hefur rafrænum tímabókunum á heilsugæslustöðvum fækkað talsvert. Þannig voru rafrænar tímabókanir 13,3% færri árið 2024 en árið 2023 og er fækkunin rúmlega 6% á milli áruna 2024 og 2025 (mynd 8). Liggur samdrátturinn helst í því að Upplýsingamiðstöð heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins annast nú forflokkingu sjúklinga og stóran hluta bókana fyrir notendur.



Mynd 8. Fjöldi rafræna tímabókanna á heilsugæslustöðvum árin 2018-2025

Fjöldi fyrirspurna í Heilsuveru jókst verulega meðan á COVID-19 heimsfaraldrinum stóð, en hefur nú dregist nokkuð saman (mynd 9). Á árinu 2024 voru tæplega 21% færri skilaboð send úr Heilsuveru en árið á undan. Á árinu 2025 fækkaði skilaboðum enn meira og voru þá tæplega 183.000. Um 16% fækkun er að ræða á milli ára, en þó nokkrar heilsugæslustöðvar hafa lokað á rafrænu samskiptin á síðastliðnum árum.



Mynd 9. Fjöldi fyrirspurna í Heilsuveru árin 2018-2025

Sóttvarnir

Megináherslur og verkefni

Sóttvarnalæknir starfar samkvæmt [sóttvarnalögum nr. 19/1997](#) og tengdum reglugerðum og **ber ábyrgð á sóttvörnum** undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Yfirlit um [meginhlutverk sóttvarnalæknis](#) má finna á vef embættis landlæknis.

Á árinu 2025 var að venju lögð áhersla á eftirfarandi skyldur:

- Að sinna **vöktun smitsjúkdóma** og deila upplýsingum um þá til almennings og heilbrigðisstarfsfólks.
- Að **bregðast við útbreiðslu smitsjúkdóma** sem ógna almannaheill og veita almenningi og heilbrigðisstarfsfólki leiðbeiningar og ráðgjöf, m.a. um **sýkingavarnir**.
- Að **endurskoða og uppfæra bólusetningaráætlanir** og vinna með heilsugæslu við **framkvæmd almennra bólusetninga**.

Þá var sérstök áhersla á:

- Að **efla rafræna innviði** til vöktunar og skráningar.
- Að efla **vöktun á sýklalyfjanotkun og útbreiðslu sýklalyfjaónæmis** og þverfaglega samvinnu í anda Einnar heilsu í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.
- Að vinna að **aðgerðum vegna aukinnar tíðni kynsjúkdóma**.
- Að huga að uppfærslu **viðbragðsáætlana um farsóttir** og aðrar bráðar lýðheilsuógnir ásamt endurskipulagningu **öryggisbirgða** sóttvarnalæknis á lyfjum og hlífðarbúnaði.
- **Alþjóðlegt samstarf** á sviði sóttvarna m.a. með framkvæmd fyrstu heildstæðu úttektar Sóttvarna- stofnunar Evrópu (ECDC) á viðbúnaði Íslands við bráðum lýðheilsuógnum.

Vöktun og áhættugreining

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir að halda [sjúkdómaskrá](#) sem tekur til smitsjúkdóma, sjúkdómsvalda þeirra, sjúkdóma af völdum eitufefna og geislavirkra efna, óvenjulegra og óvæntra atburða sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar meðal þjóða heims, sýklalyfjanotkunar og [bólusetninga](#).


Upplýsingar vegna [skráningar](#)- og [tilkynningarskyldra sjúkdóma](#) berast til sóttvarnalæknis eftir þremur meginleiðum:

1. Frá rannsóknarstofum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri í sýkla- og veirufræði
2. Frá meðhöndlandi læknum (klínískar tilkynningar)
3. Úr sjúkraskrá heilbrigðisstofnana

Flutningur ofangreindra upplýsinga frá rannsóknarstofum og úr sjúkraskrá til sóttvarnalæknis er nær eingöngu með **rafrænum hætti**, en auk þess senda lækna sérstaklega aðrar nauðsynlegar faraldsfræðilegar [upplýsingar varðandi tiltekna tilkynningarskylda sjúkdóma](#). Töluverður misbrestur hefur verið á heimtum þessara faraldsfræðilegu (klínísku) tilkynninga frá læknum en **vinnsla á kerfi fyrir rafrænar sendingar er hafin með styrk frá Evrópusambandinu** (ESB).

Sóttvarnalæknir miðlar [upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma](#) innanlands til almennings, heilbrigðisstarfsfólks og stjórnvalda og erlendis til samstarfsaðila s.s. Sóttvarnastofnunar Evrópu ([ECDC](#)) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ([WHO](#)). Sóttvarnalæknir er með veglegan styrk frá heilbrigðisáætlun ESB ([EU4Health](#)), [Iceland-ISNSS](#), til að styrkja stafræn kerfi og gagnagrunna, en verkefnið hófst árið 2025 og stendur í fjögur ár.

Sérstaklega er fylgst með [öndunarfærasýkingum](#) yfir vetrartímann, á tímabili árlegrar influensu. [Vikulegar samantektir um greiningar öndunarfærasýkinga](#) og innlagnir á Landspítala eru gefnar út á tímabilinu.



Tólfta eldgosíð í hrinunni, sem hófst árið 2021 við Fagradalsfjall, stóð yfir við Stóra-Skógfell á Reykjanesi frá júlí til ágúst 2025. Í umboði sóttvarnalæknis starfar þverfaglegur hópur um upplýsingagjöf til almennings vegna [loftborinnar hættu á heilsutjóni tengdu eldgosum](#). Hópurinn, sem leggur mat á hugsanleg [heilsufarsleg áhrif gosgungunar](#) á almenning, fundaði reglulega í tengslum við eldgosíð og miðlaði upplýsingum.

Bólusetningar

Almennar bólusetningar eru [skráðar í miðlæga bólusetningaskrá](#) á ábyrgð sóttvarnalæknis.

Samvinna heilsugæslu og sóttvarnalæknis um málefni [bólusetninga](#) er margþætt. Þar ber hæst [árvisan fræðsludag um bólusetningar](#) fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustu, sem haldinn er á vorin, og ýmis samvinna varðandi framkvæmd bólusetninga. **Þátttaka í bólusetningu eldra fólks gegn influensu var undir markmiðum árið 2025** sem er viðvarandi áskorun. Þátttaka eldra fólks í influensubólusetningum er bæði minni hér á landi en á hinum Norðurlöndunum auk þess sem þátttökuhlutfall er lægra en viðmið WHO kveður á um. Almennar bólusetningar árið 2025 verða að venju gerðar upp þegar skólaári lýkur.

Á árinu var tekið í notkun **nýtt rafrænt skráningakerfi bólusetninga á landsvísu**, fjármagnað af **styrk ESB** til sóttvarnalæknis, **EU-HIP**. Var kerfið þróað í samvinnu sóttvarnasviðs og miðstöðvar rafrænna heilbrigðislausna. Þó nokkur reynsla er komin á kerfið sem bæði auðveldar skráningu og vinnslu gagna. Kerfið býður einnig upp á möguleika á að búa til hópa og senda út áminningar um bólusetningar sem eru í boði, til að mynda til áhættuhópa. Vonir standa til að heilsugæslan nýti sér það, t.d. til að auka þátttöku eldra fólks í inflúensubólusetningum.




Hópsýkingar

Náin samvinna er við umdæmislækna, heilsugæslu, Matvælastofnun, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, sýkla- og veirufræðideild Landspítala, Matís og aðra við [rannsóknir matartengdra hópsýkinga](#) eftir verklagi sem komið var á árið 2023. Á árinu 2025 voru [nokkrar matartengdar hópsýkingar](#) rannsakaðar. Hæst bar [hópsýkingar tengdar þorablótum](#) á mismunandi stöðum á landinu og [hópsýking af völdum nóróveiru sem tengdist þríþrautarviðburði](#) við Laugarvatn.

Skynsamleg notkun sýklalyfja og aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi

Sóttvarnalæknir heldur skrá um notkun manna á sýklalyfjum en of mikil og ómarkviss notkun sýklalyfja getur stuðlað að auknu sýklalyfjaónæmi. **Notkun sýklalyfja** utan sjúkrahúsa á Íslandi jókst á árunum 2022 til 2024 eftir tímabundinn samdrátt á COVID-19 tímabilinu. Það dró svo lítillega úr sýklalyfjanotkun árið 2025 og var notkunin aðeins minni þá heldur en á árunum fyrir heimsfaraldurinn. Gerð er nánari grein fyrir sýklalyfjanotkun og -næmi hjá mönnum og dýrum í [árlegri skýrslu sóttvarnalæknis](#) auk þess sem upplýsingar um [notkun sýklalyfja eru aðgengilegar í mælaborði](#) á vef embættisins.

[Aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn sýklalyfjaónæmi](#) kom út árið 2024. Áætlunin nær yfir tímabilið 2025–2029 og felur í sér 75 forgangsröðuð verkefni sem talið var nauðsynlegt að ráðast í á komandi árum. Þessi verkefni falla undir heilbrigðis-, atvinnu-, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Ábyrgðaraðilar verkefna eru fjölmargir, m.a. embætti landlæknis og sóttvarnalæknis. Haustið 2025 var svo staðfest [áætlun um eftirlit með innleiðingu og framvindu verkefna aðgerðaáætlunarinnar](#).



Heilbrigðisráðuneytið veitti árið 2025 fjármagni til skilgreindra verkefna aðgerðaáætlunarinnar, þar á meðal til að:

- Flytja gögn um sýklalyfjaávisanir til sjúklinga á sjúkrahúsum/heilbrigðisstofnunum í lyfjagagnagrunn embættis landlæknis
- Gera reglulegar kannanir á þekkingu almennings á sýklalyfjaónæmi
- Gera könnun á þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á sýklalyfjaónæmi

Sóttvarnalæknir leiðir þátttöku Íslands í samstarfsverkefninu [EU-JAMRAI 2](#), styrktu af ESB, sem er liður í **átaki Evrópuríkja gegn sýklalyfjaónæmi og sýkingum tengdum heilbrigðisþjónustu**. Verkefnið hófst árið 2024 og stendur í fjögur ár.



Mynd 10. Ísland tók þátt í evrópsku herferðinni Skissum sýklalyfjaónæmi (Sketching AMR), sem er hluti af EU-JAMRAI-2, sameiginlegu átaki Evrópuríkja gegn sýklalyfjaónæmi og sýkingum tengdum heilbrigðisþjónustu. Birtar voru 30 myndir, allar teiknaðar af einstaklingum frá mismunandi löndum. **Hugleikur Dagsson** var fulltrúi Íslands. Listafólkið fékk það verkefni að tengja saman listir og vísindi, til þess að ljá einu stærsta heilbrigðisvandamáli samtímans – sýklalyfjaónæmi – form, liti og tilfinningu.

Virkt samstarf með þátttöku sóttvarnalæknis er í hópi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis með Einnar heilsu nálgun sem spannar fólk, dýr, matvæli og umhverfi. Markmið hópsins er að styrkja samvinnu innan Norðurlanda og þátttöku þeirra í alþjóðlegu starfi gegn sýklalyfjaónæmi.

Viðbrögð og viðbragðsáætlun

Gerð [viðbragðsáætlana um sóttvarnir vegna bráðra lýðheilsuógna](#) er í höndum sóttvarnalæknis í samvinnu við Almannavarnir. Vinna við uppfærslu viðbragðsáætlana eftir COVID-19 faraldurinn heldur áfram en er ekki lokið. Áhersla hefur verið lögð á [Landsáætlun um heimsfaraldur og CBRNE landsáætlun](#) (vegna ógna af völdum efnamengunar, sýkla og geislavirkni).

Sóttvarnalækni ber einnig að halda [öryggisbirgðir lyfja](#) og annars nauðsynlegs búnaðar til að bregðast við heilbrigðisógnum á borð við farsóttir. Listi yfir öryggisbirgðir lyfja fylgir reglugerð en listinn hefur ekki verið uppfærður lengi. Uppfærsla listans og endurskipulagning öryggisbirgða hófst á árinu 2025, leidd af heilbrigðisráðuneyti og í samvinnu við Landspítala.

Samvinna í undirbúningi og viðbragði vegna bráðra lýðheilsuógna fer m.a. fram í gegnum norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað ([Svalbarðahóp](#)), á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, sem sóttvarnalæknir er aðili að. Árið 2025 sat einnig fulltrúi frá Landspítala í hópnum en áður höfðu Almannavarnir átt fulltrúa. Norðurlöndin skiptast á að leiða starf hópsins og leiddu Finnar árið 2025. Sérstök áhersla var lögð á samstarf Norðurlanda í heilbrigðisviðbúnaði í ljósi breyttrar heimsmyndar í kjölfar heimsfaraldurs og stríðs í Evrópu. Lokið var við verkefni um [heilbrigðisviðbúnað þvert á landamæri](#) og greiningu lagalegra hindrana sem geta torvelað gagnkvæma heilbrigðisaðstoð milli landanna. Á árinu var einnig lögð áhersla á skipulag samstarfs borgaralegra og hernaðartengdra aðila á sviði heilbrigðisviðbúnaðar. Horft til þess að vinna sameiginlegar viðbragðsáætlanir til að styrkja samstarf Norðurlandþjóðanna á krísutímum.

Á árinu 2025 hófst [samstarf milli 25 Evrópuríkja \(54 stofnana\) um stefnumótun varðandi öryggisbirgðir lyfja og annars búnaðar til nota í neyðarástandi vegna bráðra heilsuógna \(Joint Action Stockpile\)](#). Verkefnið, sem er til fjögurra ára, er hluti af aðgerðaáætlun ESB á sviði heilbrigðismála (EU4Health) til að efla og samræma öryggisbirgðir ríkja. Það snýst m.a. um að greina innihald og magn öryggisbirgða lyfja og annars heilbrigðisbúnaðar, samræma birgðahald innan ríkja og innan ESB/EES-svæðisins, aðgerðir til að bæta yfirsýn yfir birgðahald og fyrningu og gera dreifingu og notkun birgða skilvirkari. Auk sóttvarnalæknis tekur Lyfjastofnun þátt í verkefninu frá Íslandi.

Samvinna innanlands og utan

Sóttvarnalæknir er tengiliður Íslands við Sóttvarnastofnun Evrópu (ECDC) og vegna alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO). Sóttvarnalæknir er einnig fulltrúi Íslands í [heilbrigðisöryggisnefnd Evrópusambandsins](#). Þá sótti sóttvarnalæknir og annað starfsfólk sóttvarnasviðs reglulega fundi með samstarfsaðilum á Norðurlöndum og í Evrópu um málefni varðandi smitsjúkdóma, sóttvarnir, sýklalyf- og sýklalyfjaónæmi, bólusetningar, og undirbúning, viðbúnað og viðbragð.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir fjórum styrkjum frá ESB á sviði heilbrigðismála ([EU4Health](#)) um sóttvarnir og heilbrigðisviðbúnað, þar á meðal um eflingu stafrænna heilbrigðislausna og sjúkdómaskráa (gagna-grunna), vöktun, sýklalyfjanotkun og -ónæmi og öryggisbirgðum lyfja og hlífðarbúnaðar.

Samstarf lýðheilsustofnana á Norðurlöndum um eflingu viðbúnaðar gegn smitsjúkdómum byggir á þremur samstarfshópum, auk Svalbarðahópsins sem fjallað er um að ofan:


1. Samstarfi forstjóra/landlækna
2. Samstarfi sóttvarnalækna
3. Norrænum samstarfsvettvangi um bólusetningar

Reglulegir fundir sóttvarnalækna varða vísindaleg málefni, bráðar lýðheilsuógnir, alþjóðlegt samstarf og samhæfingu viðbúnaðar sem tengist smitsjúkdómum. Vettvangur um bólusetningar hefur það markmið að stuðla að reglulegu vísindalegu samtali og efla samstarf varðandi bóluefni og bólusetningaráætlanir.

Sérstakt samstarfsverkefni Norðurlanda, fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni, leiddi á árinu til [skýrslu um norrænt samstarf um eftirfylgni vegna COVID-19 faraldursins](#), þar sem lögð var áhersla á víðtækt samstarf og sameiginlega reynslu meðan á faraldrinum stóð. Í skýrslunni kemur fram að áframhaldandi samstarf utan krísutíma gagnist öllum norrænum lýðheilsustofnunum með því að styrkja viðbúnað, styðja við mikilvægar vísindalegar umræður og gera kleift að samræma viðbrögð.

Þá er sóttvarnalæknir þátttakandi í [NordPrep](#), norrænu verkefni sem hlaut NordForsk-styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til að [undirbúa rannsóknir á samfélagslegum sóttvarnaaðgerðum](#). Verkefnið hófst á árinu, er leitt af miðstöð [CEIR](#) hjá norsku lýðheilsustofnuninni og stendur til ársins 2028.

Sem liður í fræðslu til almennings og heilbrigðisstarfsfólks um sýklalyfjanotkun og -ónæmi tekur sóttvarnalæknir þátt í árlegri alþjóðlegri vitundarvakningu ECDC og WHO. Í tengslum við það er [málþing sóttvarnalækna um sýklalyf og sýklalyfjaónæmi](#) orðið árlegur viðburður. Á árinu 2025 var áhersla málþingsins á hjúkrunarheimili og erindi fjölluðu m.a. um [niðurstöður rannsókna á sýklalyfjanotkun á hjúkrunarheimilum, klínískar leiðbeiningar, sýkingavarnir og sýklalyfjagæslu](#).



Í alþjóðlegri viku bólusetninga er haldinn [árlegur fræðsludagur um bólusetningar barna](#) fyrir fagaðila, en það er samvinnuverkefni sóttvarnalækna og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Á árinu 2025 fluttu sérfræðingar frá sóttvarnalækni og heilsugæslu erindi og var sérstaklega fjallað um breytingar á [bólusetningaráætlun, fyrirhugaðar bólusetningar ungra barna gegn RS-veiru og inflúensu auk tengsla bólusetninga við aðgerðaáætlun gegn sýklalyfjaónæmi](#).

[Samstarfsnefnd um sóttvarnir \(SSUS\)](#) er skipuð af ráðherra samkvæmt sóttvarnalögum. Hlutverk nefndarinnar er að afla gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að [meta og uppræta smithættu sem ógnar heilsu fólks vegna manna, dýra, eitur- eða geislavirkra efna](#). Sóttvarnalæknir er formaður nefndarinnar og einnig sitja í henni fulltrúar Matvælastofnunar, Geislavarna ríkisins og Umhverfis- og orkustofnunar. SSUS fundaði á árinu og fjallaði m.a. um fuglainflúensu í alifuglum, matartengdar hópsýkingar og mat ECDC á viðbúnaði Íslands við bráðum lýðheilsuögnum.

[Sóttvarnaráð](#) er einnig ráðherraskipað samkvæmt sóttvarnalögum en þar sitja sjö sérfræðingar á sviði smit- og kynsjúkdóma, bakteríu-, veiru- og faraldsfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sóttvörnum. Sóttvarnalæknir er ritari ráðsins. [Ráðið mótir stefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma](#). Sóttvarnaráð fundaði reglulega á árinu en sérstök áhersla var lögð á málefni almennra bólusetninga og hugsanlegar breytingar á þeirri áætlun.

Landinu er skipt í sóttvarnaumdæmi sem afmörkuð eru með sama hætti og heilbrigðisumdæmi. Ráðherra tilnefni umdæmislækna sóttvarna sbr. [sóttvarnalög](#) og [reglugerð](#). [Umdæmislæknar sóttvarna skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir faglegrri stjórn sóttvarnalækna](#) en svæðislæknar eru umdæmislæknum til aðstoðar. Reglulegir samráðsfundir eru haldnir af sóttvarnalækni með umdæmis- og svæðislæknum. Einnig er að minnsta kosti einn hjúkrunarfræðingur í hverju umdæmi tilnefndur sem tengiliður við sóttvarnalækni til sérstaks samráðs vegna sýkingavarna.

Í samstarfi sóttvarnalæknis og almannavarnasviðs ríkislögreglustjóra er starfandi samstarfshópur um upplýsingagjöf til almennings vegna [loftborinnar hættu á heilsutjóni tengdu eldgosum](#). Hópurinn skipa fulltrúar frá sóttvarnalækni, Almannavörnum, Umhverfis- og Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Landspítala, Matvælastofnun og Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Hlutverk hans er að veita upplýsingar og ráðleggingar til handa almenningi um heilsufarslegar afleiðingar loftmengunar frá eldgosum þegar eldgos er yfirvofandi eða hafið, sameinast um yfirferð og útgáfu fræðsluefnis og meta hvaða ráðstafanir er hægt að gera til að lágmarka heilsutjón eftir fremsta megni.

Fjárhagur

Embætti landlæknis leggur áherslu á vandaða áætlanagerð og fjármálastjórn. Fjárhagsupplýsingar embættisins og Lýðheilsusjóðs eru gerðar í samræmi við [lög um opinber fjármál](#).


Hér eru birtir **ársreikningar** embættis landlæknis fyrir árin 2024 og 2025 en meðfylgjandi myndir sýna þróun lykiltalna úr rekstrinum.

Embætti landlæknis					
Rekstrarreikningur	Árið 2025	Árið 2024	Efnahagsreikningur	31.12.2025	31.12.2024
Tekjur			Eignir		
Framlag úr ríkisjóði	1.772.700.000	1.832.200.000	Fastafjármunir		
Sértekjur	337.713.363	1.099.685.012	Óefnislegar eignir	914.291.022	831.880.572
Aðrar rekstrartekjur	15.654.279	13.520.910	Varanlegir rekstrarfjármunir	37.801.548	39.279.134
Tekjufærsla frestaðra tekna	146.190.795	116.804.261	Veltufjármunir	55.973.621	636.538.272
Tekjur samtals	2.272.258.437	3.062.210.183	Eignir samtals	1.008.066.191	1.507.697.978
Gjöld			Eigið fé		
Laun og launatengd gjöld	1.521.808.803	1.238.395.680	Hrein eign	431.373.771	945.187.157
Önnur gjöld	1.118.223.682	1.060.820.319	Skuldir		
Afskriftir	146.190.795	116.804.261	Langtímaskuldir	0	0
Gjöld alls	2.786.223.280	2.416.020.260	Skammtímaskuldir	576.692.420	562.510.821
Fjármunatekjur	845.267	125.111	Skuldir alls	576.692.420	562.510.821
Fjármagnsgjöld	-693.810	-1.127.877			
Afkoma ársins	-513.813.386	645.187.157	Eigið fé og skuldir samtals	1.008.066.191	1.507.697.978

Á árinu 2025 var halli á embættinu sem nam tæpum 514 m.kr. og lækkaði eigið fé þess því úr 945 m.kr. í 431 m.kr. Hallinn skýrist annars vegar af framúrkeyrslu á sviði miðlægra heilbrigðislausna, þar sem verkefni reyndust kostnaðarsamari en áætlað var. Auk þess hefur kostnaður vegna rekstrar og hýsingar tölvukerfa hækkað verulega. Hins vegar má rekja hallann til þess að áfangagreiðslur vegna Evrópuverkefna að fjárhæð 254 m.kr. bárust ekki fyrr en í janúar 2026 en gert var ráð fyrir þeim í árslok 2025.

Hlutfallsleg skipting útgjalda til helstu málaflokka						
	Miðstöð rafræna heilbrigðislausna	Eftirlit og gæði heilbrigðisþjónustu	Lýðheilsa	Heilbrigðisupplýsingar	Sóttvarnir	Yfirstjórn og rekstrarsvið
2022	31%	16%	13%	13%	13%	15%
2023	35%	16%	14%	8%	9%	18%
2024	36%	14%	17%	8%	9%	15%
2025	38%	12%	17%	7%	9%	18%

Stærsti hluti útgjalda eru laun og launatengd gjöld eða 55% af heildarútgjöldum embættisins 2025.




Mynd 11. Rekstrargjöld 2023-2025

Lýðheilsusjóður

Hlutverk [Lýðheilsusjóðs](#) er að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum [laga um landlækni og lýðheilsu](#), í þeim tilgangi að stuðla að heilsueflingu og forvörnum. Styrkir eru veittir til verkefna og afmarkaðra hagnýtra rannsókna. Embætti landlæknis annast daglega umsýslu og reikningshald Lýðheilsusjóðs.

Hinn 28. febrúar 2025 úthlutaði heilbrigðisráðherra, Alma D. Möller, rúmum **98 milljónum króna í styrki úr Lýðheilsusjóði til 153 verkefna og rannsókna. Styrkt voru fjölbreytt verkefni** um land allt, ætluð öllum aldurshópum. Áhersla er lögð á að styrkja aðgerðir sem miða meðal annars að því að **efla geðheilsu barna og fullorðinna og efla félagsfærni ásamt því að draga úr einmanaleika**. Einnig var áhersla á áfengis-, vímu- og tóbaksvarnir, næringu, hreyfingu og kynheilbrigði. Við mat á umsóknum fyrir árið 2025 var einnig sérstaklega horft til verkefna sem styðja við **minnihlutahópa, stuðla að jöfnuði til heilsu og tengjast nýsköpun** á sviði forvarna og heilsueflingar.

Lýðheilsusjóður					
Rekstrarreikningur	Árið 2025	Árið 2024	Efnahagsreikningur	31.12.2025	31.12.2024
Tekjur			Eignir		
Framlag úr ríkisjóði	290.200.000	264.900.000	Fastafjármunir		
Sértekjur			Veltufjármunir	41.187.477	31.494.104
Tekjur samtals	290.200.000	264.900.000	Eignir samtals	41.187.477	31.494.104
			Eigið fé		
Gjöld			Hrein eign	41.187.477	30.994.104
Tilfærslur	275.649.996	259.885.000	Skuldir		
Önnur gjöld	4.356.631	5.516.657	Langtímaskuldir	0	0
Gjöld alls	280.006.627	265.401.657	Skammtímaskuldir	0	500.000
			Skuldir alls	41.187.477	31.494.104
Afkoma ársins	10.193.373	-501.657	Eigið fé og skuldir samtals	41.187.477	31.494.104



Mynd 12. Úthlutun úr Lýðheilsusjóði 2021-2025 (m.kr.)

ISSN 1670–746X

Útgefandi

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
©2026 Embætti landlæknis

Ábyrgðarmaður

Elísabet Benedikz, settur landlæknir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Útlit

Jökulá

Umbrot

Embætti landlæknis

Ársskýrsla embættis landlæknis 2025 er gefin út rafrænt.
Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.